

Við erum á réttri leið

Lilja Alfreðsdóttir ráðherra hefur áður barist fyrir framtíð landsins en hún stóð í stafni þegar höftum var aflétt eftir hrun. Hún tekur einn slag í einu og ef þörf er á hræðist hún ekki að gefa eftir til að klára mikilvæg mál. – sjá síðu 10

UPPÁHALDS

BÍTLALÖGIN



Magnús Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BSRB, hlustaði mikið á Bítlanu sem unglingur þegar jafnaldrarnir hlustuðu á Blur, Oasis og Skunk Anansie. Hann leit enn mikið til þeirra og tekur hér saman uppáhalds Bítlalögin sín.

1 Penny Lane

Magical Mystery Tour, 1967

Upplífgandi og bjart lagt þar sem notuð voru fimm píanó við upptökuna. Hér er ekkert verið að flækja hlutina en textinn er um götu á æskulóðum Bítlanu.

2 Across The Universe

Let It Be, 1970

Eitt ljúfasta lag Bítlanu. Kom út á síðustu plötu þeirra fyrir hálfri öld.



3 She's Leaving Home

Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band, 1967

Einir skemmtilegustu tónleikar sem ég farið á voru haldnir í Háskólabíó 1997 þegar 30 ár voru liðin frá útgáfu Sgt. Pepper's plötunnar. Sinfó og landsliðið komið saman. Daníel Ágúst frekar en KK söng þetta lag að mig minnir.

4 I've Just Seen A Face

Help!, 1965

Öll sjáum við andlit reglulega en þar fyrir utan er þessi setning svo falleg: „She's just the girl for me and I want all the world to see.“

5 Norwegian Wood

Rubber Soul, 1965

Eftirminnilegt og ljúft lag. Eitt af mörgum Lennon/McCartney-lögum sem ekki er augljóst með innihaldið. Þarna er Harrison kominn með indverska hljóðfærið sítar sem síðar einkenndi mörg laga Bítlanu.

Fluga í fantaklessu

Mikið hefur mætt á heimilum landsins þar sem dagvistun hefur víða verið af skornum skammti sökum sóttkvíar og hafa heilu fjölskyldurnar þurft að dvelja heima samhliða því að reyna að sinna störfum sínum í fjarvinnu. Að því sögðu er ástandið á mörgum heimilum orðið nokkuð trekt.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, er í forsíðuviðtali blaðsins í dag. Hún talar meðal annars um að vera heima þegar fólk er heima og aðskilja vinnu og heimili. Það er mikilvæg og góð regla sem ég mun reyna að tileinka mér eftir að hafa misboðið börnum mínum ítrekað með því að svara stanslaust tölvupóstum og vera að vinna í tölvunni á öllum tímum sólarhrings.

Slíkt ágerist þegar fólk er fast heima í sóttkví með börnin sín sem er skiljanlegt í tímabundnu ástandi en má ekki verða til frambúðar. Það er auðvelt að klístrast í slæma vana og veltast um í ósiðunum eins og fluga í fantaklessu.

Það að ætla að klára vinnuna heima er vond hugmynd þegar heima bíða börn á ýmsum aldri. Til hvers að drífa sig heim til barnanna þegar maður er í raun ekki búinn að vinna og við tekur taugatrekkjandi limbó þar sem engu er vel sinnt? Streitu-ástand heima fyrir smitar út frá sér og brátt er allt á suðupunkti.

Tölvupóstarnir sem sendir eru milli klukkan 17 og 20 hljóma eins og mökkólvað barn hafi skrifað þá enda er eitt barn á hendi og verið er að hræra í viðbrenndum kvöldverði á meðan póstrgreyið er skrifað.

Þegar Lilja Alfreðs er spurð hvort hún þjáist af „mömmusamviskubiti“ er svarið nei. Ég þorði varla að blikka. Mér fannst eins og þungu fargi væri af mér létt. Hún segist sinna þeim vel og hugsa vel um þau og það að vinna mikið sé ekkert til að skammast sín



fyrir. Nánd sé ekki sköpuð með fjölda klukkustunda heldur gæðum stundanna. Óskiptri athygli þegar fólk er saman.

Bingó! Óskipt athygli.

Ég kyngdi köknum sem hafði setið fastur í hálsinum á mér frá deginum áður þegar ég íhugaði að skilja börnin mín eftir í lyftu. Þær höfðu þá gengið berserksgang heima hjá langömmu sinni og -afa. Sú yngsta var í miklu stuði. Ég var rétt búin að heilsa ömmu þegar sjónvarpið var hætt að virka, tölvuskjárninn kominn á hvolv, búíð að tæta alla tvínna landsins af keflunum, hella safu ofan í kristalskertastjakana og hún var byrjuð að naga kerti – og komin úr kjólnum. Í því sem ég hljóp til þess að forða henni frá magakveisu af kertaáti heyrði ég kallað: Mamma, ég er búin! Eldra barnið var víst líka á staðnum. Svitinn lak af mér og amma og afi brostu hlýlega þótt heimili þeirra væri í rúst og líklega væri búíð að brjóta eitt-hvað og fela. Allavega var taugakerfi mitt í molum eftir svefnlitla nótt sem fylgir aðlögun á leikskóla.

Gera færri hluti og gera þá vel. Ég ætla ekki að elda með tölvuna opna í kvöld heldur horfa í augun á börnunum mínum þegar ég tala við þau.

Slímugir kossar

SVART HÖFÐI

Það kann að koma lesendum á óvart en Svart-höfði er að eðlisfari jákvæður. Þótt hann tuði iðulega um allt milli himins og jarðar hefur hann tamið sér að reyna samt að sjá ljósið í myrkrinu. Heimsfaraldur er þar engin undantekning. Jafnvel versta klósettskálin í Mónakó var einhvern tímann hvít.

Ljós punktur í tilverunni í þessum samkomutakmörkunum, einangrun og almennum leiðindum, átti að vera sá að í það minnsta fengi Svart-höfði sloppið við fermingarveislurnar. Það ætlaði að rætast úr þeim vonum en nú er fokið í flest skjól. Aðstandendur fermingarkrakkanna eru búnir að bíða nógu lengi. Það þurfi að koma guði inn í lífið

hjá þessum afkvæmum og það strax. Djöfulsins fíflagangur.

Svarthöfði neyddist því í ekki eina heldur tvær veislur um síðustu helgi. Fermingarveislur í COVID eru líklega það versta sem hefur komið fyrir Svarthöfða. Þetta jaðrar við að brjóta gegn mannréttindasáttmálum sem leggja blátt bann við pyntingum og ómannúðlegri meðferð.

Gestafjöldinn hefur verið takmarkaður svo allt verður meira „náíð og kósi“ eða eins og Svarthöfði sér það „berskjaldað og varnarlaust“. Ekki er hægt að treysta á að finna einhvern fjarskyldan Gunnar sem er bærilegt að halda uppi samræðum við, eða að geta laumað sér út í dimmt horn til að hanga í símanum. Nei, þarna þurfti að eiga í smásamtölum um daginn og veginn. Smásamtöl eru böl. Algjör

tímasóun í algjörlega tilgangslausar samræður um ekkert sem helgast af engu öðru en vandræðalegri skyldurækni. Það eina góða er að engir slímugir fjarskyldir kossar og sveitt handabönd fylgja.

Veitingarnar eru einnig verri en Svarthöfði hefur áður kynnst, enda minni metnaður lagður í minni fjölda. Af hverju þarf öll nærfjölskyldan að þjást bara af því að fjórtán ára unglingur er látinn játa einhverja trú þegar hann hefur ekki náð aldri til að játa sök í sakamáli?

14 ára og komin í fast samband en þú mátt ekki keyra í partíð þitt, kaupa þér bjór, stjórna eigin fjármálum eða skrópa í skólanum. En að skrá þig í samband við ókunnuga veru að eilífu er í góðu lagi.

Við erum hætt að rasskella börn, er ekki eðlilegt fram-


hald að hætta að troða þeim í hvíta kufla og múta þeim til að þykjast trúrækin? Er ekki rétt að bíða með allar manndómsvígslur þar til drengir eru orðnir menn, stúlkur konur og hán orðið fullorðin hán?

Í svona fámennri samkomu er líka aukin pressa á gjafirnar. Ekki lengur hægt að treysta á að geta lætt einum fimmþúsundkalli í umslag sem blandast inn í fjöldann. Nei, það þarf að pakka einhverju drasli inn svo gjafaborðið valdi ekki fermingarbarninu áfallastreitu og líklega munu allir vita að það var Svarthöfði sem gaf Gunnu og Jonna Rúmfatalagerssvefnpoka á fermingardaginn.

Kannski ætti Svarthöfði bara að næla sér í kórónaveiru eða sóttkví fyrir næstu helgi. Þetta er engum manni bjóðandi. ■

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



„Íslendingasögurnar eru úvalsverk heimbókmenntanna og fá enn nýtt líf í þessari vönduðu útgáfu Saga forlagsins. Þær hafa öllu öðru fremur skapað og styrkt vitund Íslendinga sem þjóðar við útmörk Evrópu og verið okkur siðferðislegur leiðarvísir og vísidómsbrunnur. Enn eru þær sístarfandi að mótun okkar og mikilvægi þeirra er augljóst á hvaða tímum sem er - og kannski sérstaklega nú á okkar dögum.“

Arnaldur Indriðason:

„Við Íslendingar eigum engar fornar borgir með höllum og höfuðkirkjum, listasöfnum eða háskólum. En við eigum fornar bækur með listaverkum á borð við Íslendingasögur og það eru okkar dýrgripir, hallir og höfuðkirkjur, listasöfn og háskólar.“

Einar Kárason:

„Íslendingasögurnar bjóða okkur að setjast við fótskór formæðra okkar og forfeðra þar sem við heyrum þau sjálf segja frá sigurum sínum og sorgum, vonum og ótta. Enn berst þaðan hvinur af sverðum og gustur hnífbeittra orða.“

Gerður Kristný:

Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.

Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaðskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is • sími: 8937719 • 5627950

MEST LESIÐ

Á DV Í VIKUNNI

1 Ótrúlegt vopnasafn Andreu – Ekki hefur tekist að birta henni fangelsisdóm Andrea Kristín Unnarsdóttir var sakfelld fyrir röð afbrota og vakti athygli gifurlegur fjöldi vopna sem var gerður upptækur hjá henni.

2 Cardi B svarar fyrir sig með nektarmynd af Melaniu Trump Rapparinn Cardi B deildi nektarmynd af Melaniu Trump til að svara fyrir drusluskömm sem hún varð fyrir.

3 Ráð flugfreyju – Gerðu þetta alltaf þegar þú ferð á hótél Flugfreyja deildi myndbandi á TikTok um varúðarráðstafanir sem hún gerir á hótélherbergjum sem hún þarf að dveljast í.

4 Ástæðan fyrir því að „konur hata munnmök“ Ástraliskur kynlífssérfræðingur segir skömm kvenna vegna kynfæra sinna koma í veg fyrir að þær njóti þess að vera veitt munnmök.

5 Það sem Sara Björk gerði eftir leikinn vekur athygli Sara Björk Gunnarsdóttir varð fyrsti Íslendingurinn til að skora í úrslitaleik og vinna Meistaradeildina. Eftir leikinn faðmaði hún mótherja sína enda voru þeir áður liðsfélagar hennar.

6 Baldur ósáttur – Forkastanleg framkoma við íbúa Baldur Borgþórsson, borgarfulltrúi Miðflokksins, gagnrýnir skort á bílastæðum við námsmannaíbúðir í Grafarholti.

7 Ólafur Hand með þungar ásakanir – Barnsmóðirin lýsti því yfir í fjölmiðlum að Grímur Grímsson hjálpi henni Ólafur William Hand veitti Bylgjunni viðtal í vikunni sem vakti mikla athygli. Hann var sýknaður í Landsrétti eftir að hafa verið sakfelldur í héraði fyrir að beita barnsmóður sína ofbeldi.

8 Sjáðu myndirnar – Umdeilda eiginkonan nýtur lífsins – „Munnmök? Ég geri það á hverju kvöldi“ Hin umdeilda Wanda Icardi, eiginkona knattspyrnumannsins Meuro Icardi, nýtur lífsins þessa dagana og deilir myndum frá því á samfélagsmiðlum.

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



Mistök við krabbameinsleit

Krabbameinsfélagið gerði mistök við skoðum leghálssýna sem leiddi til þess að krabbamein greindist ekki hjá konu í tæka tíð. Félagið hefur ráðist í endurskoðun sýna vegna málsins og var talið rétt að kalla 2% tilfella úr 6.000 manna úrtaki til frekari skoðunar. Félagið hefur viðurkennt að um alvarleg mistök sé að ræða og verið sé að gera allt til að bæta úr því. Málið hefur vakið mikinn ótta meðal kvenna sem hræðast að þeirra sýni hafi verið ranglega greint. Embætti landlæknis er með málið til skoðunar.

Óánægðir hjúkrunarfræðingar

Gerðardómur er fallinn í kjaradeilu hjúkrunarfræðinga og olli niðurstaðan miklum vonbrigðum. Niðurstaða gerðardóms var að gera ríkinu að leggja Landspítalanum til 900 milljónir króna í stofnanasamninga til að bæta kjör hjúkrunarfræðinga en Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur bent á að sú fjárhæð dugi tæpast til að leiðrétta kjör félagsmanna. Samkvæmt heimildum DV eru hjúkrunarfræðingar verulega ósáttir við þessa niðurstöðu og telja ljóst að þeir séu ekki metnir að verðleikum.

Óbreytt klukka

Klukkunni á Íslandi verður ekki seinkað um eina klukkustund. Ríkisstjórnin taldi ekki nægilega sterk rök hafa verið leidd fram fyrir breytingunni. Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í svefni, hefur lýst yfir vonbrigðum með þessa niðurstöðu, hún sé þvert á vilja meirihluta landsmanna og þvert á vilja meirihluta þeirra sem skiluðu umsögn í málinu. Telur hún að ríkisstjórnin hafi tekið viðskiptahagsmunum fram yfir hagsmunum þjóðarinnar.



Öllum sagt upp hjá Herjólfu

Öllum starfsmönnum Herjólfur ohf. hefur verið sagt upp. Félagið segir að þetta gert í varúðarskyni vegna óvissu um rekstur félagsins. Starfsmenn eru nú á þriggja mánaða uppsagnarfresti og mun Herjólfur því sigla með óbreyttu sniði til 1. desember. Um síðustu helgi var greint frá því að Herjólfur ohf. hefði gert rúmlega 400 milljóna kröfu á ríkið vegna styrkja sem félagið telur sig hafa verið sviðið um. Félagið hefur verið rekið með miklu tapi undanfarin misseri, sérstaklega nú í heimsfaraldri kórónaveirunnar.

Ellefu starfsmenn RÚV kærðir

Útgerðarfyrirtækið Samherji hefur kært ellefu fréttá- og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarpsins til síðanefndar vegna ummæla þeirra um málefni Samherja á samfélagsmiðlum. Telur Samherji að umræddir starfsmenn hafi brotið gegn síðareglum Ríkisútvarpsins, þá einkum gegn umdeildu ákvæði sem segir að starfsmenn megi ekki láta í ljós opinberlega afstöðu sína til mála sem þeir fjalla um í fréttum.



Evrópumeistari

Knattspyrnukonan Sara Björk Gunnarsdóttir varð á mánudag fyrsti Íslendingurinn til að skora í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu þegar hún skoraði í leik Wolfsburg gegn Lyon í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Varð lið hennar þar með Evrópumeistari en það hafði lengi verið markmið Söru að ná þessum áfanga.

NÁMSKEIÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um námskeið kemur út föstudaginn 11. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



Viltu læra um sjálfbærni og nýsköpun?



Nýstofnuð Sjávarakademía Sjávarklasans kynnir nýtt og spennandi nám með áherslu á nýsköpun, sjálfbærni og tækifæri í bláa hagkerfinu.

Sjávarakademían er samstarfsverkefni Íslenska Sjávarklasans og Fisktækniskóla Íslands. Námið er einingabært til framhaldsskóla og er ein önn.

Námið hefst í september og fer aðalkennsla fram í Húsi sjávarklasans en einnig fer kennsla fram í haftengdum fyrirtækjum og stofnunum á Suðurnesjum. Umsóknarfrestur er til 7. sept.

Sjá nánar á www.sjavarklasinn.is

SLÖPP VIÐBRÖGÐ EMBÆTTIS LANDLÆKNIS VEGNA ÁSTANDSINS Á SKJÓLI

Umfjöllun DV um Skjól í síðustu viku fékk miklar undirtektir frá fyrrverandi og núverandi starfsmönnum Skjóls. Eitt-hvað minna fór fyrir viðbrögðum stjórnenda og Landlæknis.

Heimir Hannesson
heimir@dv.is



Í síðustu viku fjallaði DV um bagalegar aðstæður á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Stigu þar fram heimildarmenn DV sem vildu ekki koma fram undir nafni af ótta við að missa vinnuna. Í kjölfar birtingar DV á umfjöllun sinni steig önnur kona fram opinberlega á samfélagsmiðlum og vísaði til sinnar eigin reynslu. Tók hún bæði undir umfjöllun DV og sagði sína sögu af aðstæðum á heimilinu. Sagði stúlkan meðal annars frá því að heimilisfólk væri bundið í hjólastóla, illa sinnt, grátandi og svipt reisin sinni.

Alls staðar virðist sagan vera sú sama. Fjársvelti leiðir til manneklu. Mannekla leiðir til skerðingar á þjónustu og úlfúðar meðal starfsfólks. Þjónustuskerðingin og úlfúðin bitnar á heimilisfólki.

Fálætisleg viðbrögð
DV leitaði eftir viðbrögðum Landlæknis vegna umfjöllunarinnar.

Embættið vísar í svari sínu til úttekta sinnar frá árinu 2019, sem DV vísaði til í frétt sinni. „Fram kom í úttektinni að starfsfólk í Skjóli lætur sér annat um íbúa og leggur sig fram um að tryggja lífsgæði og velferð þeirra. Aðalvandi heimilisins er tengdur undirmönnun sem leiðir til aukins álags á starfsfólk og

felur í sér hættu á skerðingu á þjónustu við íbúana,“ segir í skriflegu svari embættisins. Segir þar jafnframt að oft hafi verið láttnar í ljós áhyggjur af mönnun á hjúkrunarheimilum, vegna þekktra áhrifa mönnunar á gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu.

Þar kemur enn fremur fram að stjórnendur hafi tjáð óánægju sína með ónóga fjármögnun, og sagt að fjárskortur gæti komið niður á þjónustu við íbúa. Segir Landlæknir jafnframt að mat embættisins hafi verið að gripa þyrfti til markvissra aðgerða til að bregðast við mönnunarvandanum. Enn er óljóst hvaða aðgerðir það eru eða hvort til þeirra hafi verið gripið. Þó segir Landlæknis-

embættið við DV að ákveðið hafi verið að fylgja eftir hlutaúttektinni 2019 ári síðar, en að henni hafi svo verið frestað vegna faraldurs COVID-19. Þeirri úttekt er nú lokið og verður skýrslan birt innan skamms á vefsíðu embættisins.

Frá og með næsta ári, að sögn embættisins, er ætlunin að allir veitendur heilbrigðisþjónustu skili inn árlegum gæðauppgjörum til Landlæknis. Munu þau innihalda upplýsingar um umbótastarf, gæðamál, atvikaskráningar og þjónustukannanir.

Heimildir sjaldan nýttar
Í lögum um Landlækni og lýðheilsu er Landlæknisemb-

ÁSTAND Á SKJÓLI



Hættulegt ástand hefur skapað á hjúkrunarheimilinu Skjóli vegna manneklu og reynsluleysis starfsfólks. Heimildarmenn DV lýsa óf-
bælti, kynferðisgrá-
ðreitni og óþöglegum
vinnuástæðum sem
versnuðu til muna í Co-
vid faraldrinum.



Eitt hundrað mál hvíla í nefndum Alþingis

Talsverður fjöldi mála situr eftir í nefndum þingsins og ljóst að ekki nema brotabrot af þeim verður afgreitt. Kosningablær mun setja svip sinn á næsta þing.

Eitt hundrað mál eru nú til meðferðar í nefndum Alþingis. Miðað við dagskrá þingsins og þann tíma sem eftir er er morgunljóst að útilokað er að nema lítill hluti þeirra muni nást úr nefnd og í gegnum 2. og 3. umræðu auk atkvæðagreiðslu.

Málin sem um ræðir eru langflest úr smiðju þingmanna. Þó sitja í nefndum þingsins í dag vel á annan tug ráðherrafrumvarpa og eru sum þeirra umsvifamikil. Af sögunni að dæma má vera ljóst að kapp verður lagt á að ná sem flestum þeirra í gegnum þingid fyrir þinglok.

Ráðherrafrumvörpin veigamikil

Fjármálaráðherra flutti stóran hluta stjórnarfrumvarpanna. Af þeim sem mesta athygli hafa vakið eru meðal annars frumvarp um Þjóðarsjóð sem safna átti tekjum þjóðarinnar af orkuauðlindum og nýta til að bregðast við „öfyrrisédum áföllum í framtíðinni“. Málið var endurflutt á þessu þingi. Þar að auki eru

fjáraukalög fyrir 2020 sem og ríkisábyrgð Icelandair meðal mála fjármálaráðherra sem sitja nú í nefndum þingsins. Ítarleg umfjöllun um Icelandair-málið er síðar í þessu eintaki DV.

Dómsmálaráðherra á einnig talsverðan fjölda af málum sem óafgreidd eru í nefndum þingsins. Þeirra á meðal eru breytingar á Barnalögum sem myndu heimila barni að hafa tvöfalt lögheimili og jafna stöðu gagnvart báðum foreldrum. Dómsmálaráðherra hugðist einnig breyta lögum um skaðabætur vegna ærumeiðinga, taka á kennitölulflakki með breytingum á lögum um gjaldþrotaskipti, taka á lögbanni á tjáningu og stytta málsmeðferðartíma hælisumsókna.

Þá liggja fyrir frumvörp ráðherra um aukið frelsi á leigubílamarkaðnum, stuðning við fjölmiðla, ný fjárskiptalög og breytingar á upplýsingalögum. Allt eru þetta stór mál sem má ætla að mikil vinna hafi farið í að semja.



Mikið mæðir á Bjarna og fjármálaráðuneytinu um þessar mundir.

MYND/ANTON BRINK

Kosningabragur nálgast
Þingmannamál eru venju samkvæmt mörg og afar fjölbreytt.

Aðeins eru örfáir dagar eftir af yfirstandandi þingi en næsta þing verður sett 1. október á þessu ári.

Næsta þing, 151. löggjafarþing, verður síðasta þing þessa ríkisstjórnar. Kosid verður næsta haust ef marka má orð Katrínar Jakobsdóttur. Þannig er ljóst að kosningablær mun færast yfir þingstörfin bæði meðal stjórnar

og stjórnarandstöðu strax við þingsetningu og hvert mál hugsað sem kosningamál á þinginu. Þetta gæti gert ríkisstjórninni erfiðara um vik að klára stóra málin og sérstaklega þau sem færst gætu fjöður í kosningahatt hennar. ■

POTTURINN STEFNIR Í

47

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR

ÁRALÖNG INNRI VALDABARÁTTA TÆTIR UPP LÖGREGLUNA

Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri og Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur lögreglunnar á Suðurnesjum, hafa verið umdeildar í embætti undanfarin ár.

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Sigríður Björk Guðjónsdóttir var skipuð ríkislögreglustjóri í mars á þessu ári og tók við starfinu af Haraldi Johannessen. Haraldur var umdeildur embættismaður og það kom því fáum á óvart þegar honum var bolað í burtu, en margir ráku þó upp stór augu þegar Sigríður Björk var valin sem arftaki hans, enda Sigríður sjálf lengi verið umdeild. Hún hefur verið sökuð um einelti, fundin sek um brot gegn stjórnsýslulögum og persónuverndarlögum svo eitt-hvað sé nefnt.

Lekamálið

Lekamálið kom upp í nóvember 2013 og leiddi að lokum til þess að þáverandi innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, sagði af sér ráðherraembættinu með eftirminnilegum hætti. Málið varðaði trúnaðarupplýsingar um hælisleitandann Tony Omos sem hafði verið lekið úr innanríkisráðuneytinu.

Ári eftir að málið kom fyrst upp játaði aðstoðarmaður Hönnu Birnu að hafa lekið umræddum upplýsingum og var sakfelldur fyrir brotið fyrir dómi. Héldu þá margir að málinu væri lokið, en þá var upplýst að Sigríður Björk hefði átt hlut að máli. Hún hafði átt í samskiptum við og sent aðstoðarmanni innanríkisráðherra tölvupóst um málið sama dag og lekinn átti sér stað, en á þeim tíma var hún enn lögreglustjóri á Suðurnesjum.

Sigríður neitaði alltaf að hafa gert nokkuð rangt, og var staðin að því að segja ósatt í samtali við fjölmiðla, þar sem hún gerði lítið úr hlut sínum að málinu og hélt því fram að hún hefði frá upphafi greint frá aðkomu sinni. Einnig olli það nokkurri tortryggni að Sigríður hefði þagað yfir hlut sínum að lekamálinu á sama tíma og Hanna Birna, sem síðar sagði af sér vegna málsins, skipaði Sigríði lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.

Persónuvernd komst síðar að því að Sigríður hefði brotið persónuverndarlög. Sigríður var ósammála niðurstöðunni og taldi hana ekki veikja stöðu sína sem lögreglustjóra og að henni væri áfram vel treystandi til að fara með persónuupplýsingar.



MYND/STEFÁN

Spillingarmálið

Snemma árs 2016 bárust fréttir þess efnis að tveir lögreglumenn sem starfað hefðu við fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu væru komnir í leyfi á meðan störf þeirra voru rannsökuð af héraðs- og ríkissaksóknara. Voru þeir grunaðir um brot í starfi og spillingu. Það kom þó síðar í ljós að annar lögreglumaðurinn var saklaus af þessum ásökunum og að Sigríður Björk hefði getað

komist að því með því að gæta að rannsóknarskyldu.

Málið mátti rekja til þraláts orðróms sem hafði árum fyrr verið tekinn til skoðunar og kveðinn niður af yfirmanni hjá embættinu. Lögreglumaðurinn stefndi síðar ríkinu vegna málsins og hlaut miskabætur út af þeirri aðför sem hann hafði mátt sæta.

Það var þó ekki það eina athugaverða við málið. Tveir lögreglumenn fíkniefnadeildarinnar, annar þeirra

yfirmaður í deildinni, ákváðu að standa með kollega sínum þegar ásakanir um spillingu komu fram. Samkvæmt heimildum DV mun Sigríður Björk hafa gengið hart að þessum starfsmönnum að skipta um skoðun og hóttað þeim öllu illu. Vildi hún ekki heyra þeirra sjónarmið og taldi sig vita betur en þau hvernig í pottinn væri búíð.

Samkvæmt Hæstaréttardómi sem staðfesti bótaskyldu ríkisins við lögreglumanninn

sem ranglega var sakaður um spillingu, vissi Sigríður ekki alla málavexti enda viðurkenndi hún fyrir dómi að hafa ekki kynnt sér minnisblað sem hafði verið ritað þegar ásakanirnar á hendur lögreglumanninum komu fyrst fram árið 2012.

Hefði hún skoðað það skjal ítarlega hefði hún séð að málið var skoðað, ekki talinn fótur fyrir því og eins að lögreglumaðurinn sjálfur hafði verið boðinn og búinn til að kveða þennan orðrómi niður.

Einelti og samskiptavandi

Að minnsta kosti þrír starfsmenn Sigríðar sökuðu hana um einelti í kjölfar spillingarmálsins. Var Sigríður sögð hafa óskrað á starfsmenn, hóttað þeim, svipt þá stöðum, og lesið hæðnislega upp úr tölvupósti þeirra.

Að auki var greint frá því opinberlega að um tuttugu starfsmenn lögreglunnar hefðu leitað til Landssambands lögreglunnar og sjö starfsmenn hefðu leitað til innanríkisráðherra vegna óánægju með Sigríði. Landssamband lögreglumanna endaði með að senda umboðsmanni Alþingis bréf þar sem óskað var eftir að umboðsmaður færi yfir ítrekaðar stöðuveitingar án auglýsinga og hvort þær stæðust lög.

Sigríður tók þessu af einstakri ró, benti á að fagrúð lögreglu ætti að taka við kvörtunum vegna eineltis en fáir hefðu farið þá leið. Minnti hún starfsmenn í tölvupósti á að þeir gætu kvartað til fagrúðs án þess að eiga það á hættu að það yrði notað gegn þeim síðar.

Sigríður hafði sjálf berum orðum sagt lögreglumanni sem var ósammála henni að hann myndi aldrei hljóta framgang í starfi. Þetta kemur fram í viðtali við Eirík Valberg lögreglumann við Fréttablaðið í ágúst 2020.

Vill ekki auglýsa

Sigríður er ekki hrifin af því að auglýsa lausar stöður í öllum tilvikum en hún telur að það valdi óróa meðal starfsfólks ef yfirmannsstöður eru auglýstar. Betra sé að handvelja aðila í embættin og sjá hvernig þeir standa sig í þeim. Þetta er svona í grófum dráttum það sem Sigríður Björk sagði starfsmönnum sínum í tölvupósti sem hún sendi þeim vorið 2019.

Tímasetningin á tölvupóstinum er jafn áhugaverð og efni hans þar sem aðeins fáeinum mánuðum fyrr hafði GRECO, nefnd Evrópuráðsins gegn spillingu, sérstaklega gagnrýnt í skýrslu sinni um löggæslu á Íslandi að störf væru veitt án þess að þau væru auglýst, það fyrirkomulag væri að bjóða hættunni heim.

Alda Hrönn

Alda Hrönn Jóhannsdóttir er yfirlögfræðingur hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Hún starfaði um árabil náið með Sigríði Björk, fyrst hjá lögreglunni á Suðurnesjum þegar Sigríður var lögreglustjóri þar, og næst hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eftir að Sigríður færði sig þangað. Alda Hrönn er orðuð við lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum sem nú er laust til umsóknar. Hún hefur, líkt og Sigríður, verið afar umdeild síðasta áratuginn.

Löke-málið

Löke-málið varðaði meint brot lögreglumanns í starfi en honum var gert að sök að hafa flett upp upplýsingum úr upplýsingakerfi lögreglunnar, LÖKE, og miðlað þeim með ólögætum hætti. Alda Hrönn átti frumkvæðið að rannsókninni og var um tíma talið að hún hefði hafið rannsókn á því upp á sitt eindæmi og án tilskilinnar heimildar. Lögreglumaðurinn var sýknaður af stórum hluta þeirra brota sem hann átti að hafa framið og kærði Öldu Hrönn í kjölfarið fyrir rangar sakargiftir. Vaknaði þá grunur um að Alda Hrönn hefði gerst brotleg í starfi og hófst rannsókn á störfum hennar á meðan henni var gert að víkja úr starfi á meðan. Ekki þótti málið þannig vaxið að líklegt mætti telja til sakfellingar svo að málið var fellt niður.

Alda sagði ósatt um aðkomu sína að LÖKE-málinu. Hún greindi frá því í fjölmiðlum að hún hafi litla aðkomu haft að rannsókn málsins og engin afskipti haft af því á meðan það var í greiningu. Þetta reyndist rangt.

Alda var stjórnandi rannsóknarinnar og lagði endanlegt mat á hvaða ályktanir mætti draga af rannsókninni auk þess sem hún skrifaði niðurstöðukafla í greinargerð sem send var ríkissaksóknara.

Lánaði tölvuna

Eftir að lekamálið kom upp skrifaði stjórn Lögreglustjórafélags Íslands tilkynningu sem send var fjölmiðlum. Þar var Sigríði Björk komið til varnar. Það vakti athygli þegar í ljós kom að tilkynningin var samin á tölvu Öldu Hrannar. Hún var þá nánasti samstarfsmaður Sigríðar og átti sjálf ekki sæti í stjórn Lögreglustjórafélagsins.

Hins vegar átti Sigríður Björk sæti í félaginu á þeim tíma. Það kom á daginn að Alda Hrönn hafði lánað Höllu



Alda hefur verið sökuð um uppreisn og einelti

MYND/PJETUR



Sigríður hefur ítrekað bakað ríkinu bótaskyldu.

MYND/ERNIR

“Að minnsta kosti þrír starfsmenn Sigríðar sökuðu hana um einelti í kjölfar spillingarmálsins.

Bergþóru Björnsdóttur, þáverandi formanni stjórnar Lögreglustjórafélagsins, tölvu sína að loknum hefðbundnum vinnutíma.

Umdeild undirskrift

Fyrrverandi ríkislögreglustjóri, Haraldur Johannessen, var gagnrýndur fyrir að hafa árið 2018 sent harðort bréf á fjölmiðlamann sem höfðu fjallað neikvætt um efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Var talið óviðeigandi að Haraldur hefði skrifað umrætt bréf á bréfsefni ríkislögreglustjóra, en dómsmálaráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu að efni bréfsins og framsetning hefði verið „ámælisverð“. Haraldur stóð þó ekki einn að baki bréfinu.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir skrifaði einnig undir það.

Einelti og samskiptavandi

Alda Hrönn hefur, líkt og Sigríður, ítrekað verið sökuð um einelti. Hafa að minnsta kosti tvær slíkar kvartanir komið til úrlausnar fagráðs lögreglu sem komst þó að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið um einelti að ræða. Alda hefur verið í veikindaleyfi meirihluta sumars vegna samskiptavanda innan embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hefur hún verið sökuð um að standa að baki hallarbyltingu sem ætlað hafi verið að koma Ólafi Helga Kjartanssyni, fráfaramandi lögreglustjóra, frá og koma Öldu Hrönn í embættið. ■

Brosir í gegnum bunkana

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir það mikilvægt að hér alist ekki upp kynslóð sem líður fyrir að hafa misst úr skóla vegna COVID-19 heimsfaraldursins.

Þorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, er fædd árið 1973 í Reykjavík. Hún er dóttir Alfreðs Þorsteinssonar, fyrrverandi borgarfulltrúa sem lést 28. maí sl., og Guðnýjar Kristjánsdóttur prentsmiðs.

Lilja hlaut óhefðbundið og fjörugt uppeldi þar sem foreldrar hennar unnu lengi vel óhefðbundinn vinnutíma. „Mamma og pabbi störfuðu bæði í blaðaprenti. Pabbi var lengi blaðamaður áður en hann varð stjórnmalamaður og mamma var í umbroti. Ég er því alin upp á vaktaplani. Mamma var á vöktum í blaðaprentinu átta til fjögur eða fimm til tólf. Hún er alger toppmanneskja, þvítíkt dugleg,“ segir Lilja sem ætlaði sér ekki að fara í stjórnmal þó að hún sé komin af pólitískum foreldrum.

Það var móðir Lilju sem upprunalega gekk í Framsóknarflokkinn sem eiginmaður hennar Alfreð starfaði síðar fyrir til lengri tíma.

„Ég fæ uppeldi sem miðar að því að við systurnar værum við sjálfar og aldrei tengt því að við værum stelpur. Pabbi fór með okkur allt og mamma fór með okkur allt. Það var engin verkaskipting þar á. Þú átt að standa þig og gera það sem þú vilt og það var aldrei talað um kyn í því samhengi,“ segir Lilja, aðspurð um hvort hún hafi þurft að berjast meira fyrir hlutunum af því að hún sé kona. „Ég hef ekki upplifað það en ég legg talsvert mikið á mig og vil standa mig vel.“

Lilja hefur vakið aðdáun fyrir glæsilegan klæðaburð og smekkvísi. Hún segir það þó ekki alltaf hafa verið svo. „Ég eignaðist til dæmis ekki hárpurrku fyrr en ég hætti

í Seðlabankanum.“ Klæðaburðurinn í bankanum var minna mál og reiknivélin helsti fylgihluturinn. „Ég legg meiri áherslu á málefni en klæðnaðinn þó það sé auðvitað gaman að vera vel til fara.“

Konan með háu bunkana

Tæp 68 prósent aðspurðra eru ánægð með frammistöðu Lilju sem mennta- og menningarmálaráðherra, samkvæmt könnun Maskínu sem gerð var í apríl 2019. Þó er Lilja engin já-manneskja og er óhrædd við að rugga bátum sé þess þörf. Hún er afkastamikil og hefur á ferli sínum komið mörgum mikilvægum verkefnum í gegn og virðist keyra málin áfram af miklum krafti og eldmóð.

Þegar Lilju er fylgt eftir kemur fram önnur líkleg skýring á vinsældum hennar. Hún nær listavel að sameina virðingu fyrir fólki og húmor. Mennta- og menningarmálaráðherra er nefnilega meinfyndin og skemmtileg, sem sést til dæmis á samstarfsfólkinu sem hún hefur laðað að sér og einlægum hlátri sem berst fram eftir ráðuneytisganginum.

Skrifstofa Lilju er björt, skreytt heimagerðum listaverkum barna hennar og háir hælur eru geymdir í horni skrifstofunnar. Það eru skjöl og blöð í háum stöflum og undirstrikunarpennar og glósur víða um skrifstofuna.

„Það er mikið að gera,“ segir hún og nikkar í átt að skrifborðinu. Ekki afsakandi, heldur skælbrosandi eins og henni þyki vænt um skrímslabunkana sem myndu valda mörgum kvíðakasti.

Glósar sér til gamans

Lilja á eina yngri systur, Lindu Rós sem er þremur árum yngri og starfar í félagsmálaráðuneytinu í málafnum flóttamanna. Aðspurð um hvort Linda sé mjög pólitískt þenkjandi brosir Lilja.



„Já, við erum mjög miklar vinkonur þannig að það er allt rætt,“ segir ráðherrann í því sem síminn hringir.

„Hringir hún!“ segir Lilja og lýsist upp. Það er greinilegt að systrasamtölin eru algeng og kærkomin.

„Ég er í viðtali og það er verið að tala um þig. Ég sagði að þú værir mjög mikil Framsóknarkona,“ segir Lilja í símann og það er mikið hlegið áður en þær kveðjast og Lilja lofar systur sinni að halda sig á mottunni varðandi yfirlýsingar um hana.

„Þegar mamma var að vinna fór pabbi oft með okkur systur í bíó, stundum tvisvar í

viku. Við sáum allar myndir. Ég fæ enn nostalgíu við að fara í bíó. Þetta var æðislegt,“ segir Lilja. Fjölskyldan var alla tíð mjög samheldin og hefur Lilja dálæti sitt á bókum og sagnfræði frá föður sínum sem kenndi þeim systur snemma að viska og geta ætti rætur sínar að rekja til góðra bóka og hefur Lilja haldið þeim hugmyndum á lofti.

„Það er læsi þjóðar okkar sem kom okkur frá því að vera ein fátækasta þjóðin og á þann stað sem við erum í dag. Að geta lesið sér til gagns er ómetanlegt. Mér finnst ofboðslega gaman að lesa og nýt

þess alltaf meira og meira,“ segir Lilja og veðir bók upp úr veskinu sínu. „Þetta er okkar maður, Aristóteles,“ segir hún og blaðar í bókinni sem hún virðist glósa í bak og fyrir.

Glósar þú í bækurnar?

„Já. Ég skrifa oft svona aftast í þær. Tek saman það sem mér finnst áhugavert,“ segir Lilja sem hefur sérstakan áhuga á sagnfræði-, hagfræði- og stjórnmalabókum.

Þú glósar auðvitað í allar spennubækur líka, er það ekki?

„Jú, mjög nákvæmlega,“ hún skellir upp úr. „Nei, ég geri það nú ekki.“

Trump og hagfræðin

Talið berst að hagfræði en Lilja lærði alþjóðahagfræði við Columbia University og hefur meðal annars starfað hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Seðlabankanum.

„Þú verður góður hagfræðingur með því að skilja samfélagið þitt. Hagfræðin segir okkur svo margt. Ég er til dæmis núna að lesa bók sem heitir *The Riches of This Land* eftir Jim Tankersley. Hann er að spá í það hvað kom fyrir amerísku millistéttina og af hverju hún fer allt í einu að kjósa Trump.

Hafandi lært og búið í Bandaríkjunum kom þetta mér ekki mjög á óvart. Þá kemur hagfræðin inn og af hverju hún er svona spennandi. Raunlaun verkafólks í Bandaríkjunum hafa verið þau sömu síðastliðin 25 ár. Millistéttin þarf því að hafa miklu meira fyrir hlutunum í dag en fyrir 25 eða 30 árum. Þegar það gerist á sér stað samfélagsbreyting og millistéttin fer að kjósa Repúblíkana í stað Demókrata. Þarna þarf að ná utan um hver kjör fólks eru til þess að skilja hvað það er síðan líklegt til að gera.“

Þörf á tækifærum

Lilja segir það gríðarlega mikilvægt að allir fái tækifæri. Án þeirra sé voðinn vís og fólki haldið niðri líkt og ástandið í Bandaríkjunum ber vitni um. „Niðurstaða mín er sú að menntun sé helsta hreyfiaflið ásamt nýsköpun. Samfélög sem sjá til þess að menntakerfið sé öflugt og fjölbreytt og standist alþjóðlegan samanburð, þeim vegnar vel. Að sama skapi er mikilvægt að huga stöðugt að nýsköpun.

Stjórnvöld voru að samþykkja nýja stefnu Vísinda- og tækniráðs, sem er mjög metnaðarfull og leggur grunninn að sterkara samfélagi,“ segir Lilja. Hún bendir á að í sterkri íslenskukunnáttu leynist einnig tækifæri.

„Ég brenn til dæmis fyrir velferð barna með annað móðurmál en íslensku, því ég kem úr Breiðholti og hef séð hvernig það hverfi hefur þróast. Ég vil bæta stöðu þessara barna því við vitum að ef þau ná ekki góðum tókum á íslenskunni þá er erfiðara að fara á framhaldsskólastig.

Þessi bók sem ég er að lesa núna gengur svolítið út á það að menntun er mesta hreyfiafl samtímans. Og núna vil ég tengja menntunina og hagfræðina. Það kemur í ljós þegar við erum að skoða atvinnuleysið í dag að 50% eru grunnskólamenntuð, sama er að gerast í Bandaríkjunum. Þetta segir okkur að þarna þarf menntakerfið að koma betur inn til þess að búa til tækifæri. Það geta allir, með menntun sem hentar þeim, fundið sína fjöl í lífinu.“

Ef vinnumarkaðurinn er skoðaður sést að það er þörf fyrir breiðan hóp fólks og segir Lilja að þar halli á verk- og listnám. „Það þarf að vera

skýrt í hugum fólks að verk- og listnám sé metið til jafns við háskólanám. Allir hafa frjálst val og við þurfum að tryggja það að börn átti sig á hvað sé í boði. Það byrjar ekki í 10. bekk heldur miklu fyrr.“

Ryksugan látin vikja fyrir samverustundum

Eiginmaður Lilju er Magnús Óskar Hafsteinsson hagfræðingur en þau kynntust heima hjá foreldrum hennar í afmæli hjá Lindu Rós, systur Lilju, fyrir 23 árum.

Langir og krefjandi vinnudagar í bland við fjölskyldulíf og heimilishald eru oft krefjandi. Aðspurð um „mömmusamviskubit“ segist Lilja ekki þjást af því. „Ég er ekki með samviskubit og ég fylgist rosalega vel með þeim,“ segir Lilja en Eysteinn Alfreð sonur þeirra Magnúsar er 13 ára og dóttir þeirra Signý Steinþóra er 10 ára.

„Ég reyni að fara með þeim eins mikið og ég get þótt þetta séu langir dagar. Ég eyði mjög miklum tíma með fjölskyldunni. Það er vinna og fjölskylda. Ég geri ekki mikið annað en það er helst að mér finnist tíminn vera svo stuttur sem maður er með þau hjá sér. Þau vaxa svo hratt. Það er aðallega það sem mér finnst erfitt,“ segir Lilja.

„Mamma og pabbi unnu alltaf mjög mikið en við vorum samt mikið saman. Þetta snýst ekki um fjölda klukkustunda sem er eytt saman heldur hvernig þið eyðið tímanum þegar þið eruð saman.“

Lilja bendir á mynd af langömmu sinni sem var fædd 1910 og vann alla sína tíð og rak matsölu í Aðalstræti 12. „Mínar fyrirmyndir eru konur sem vinna og eru líka með heimili. Auðvitað er alveg nóg að gera. Ég hugsa alveg hvort ég sé nokkuð að gleyma einhverju í Mentor,“ segir Lilja og vísar í upplýsingakerfi sem grunnskólar nota til að halda utan um heimanám.

„Þetta er samstarfsverkefni. Maðurinn minn sér til dæmis um að halda utan um tómstundir barnanna og sinnir okkur öllum mjög vel. Magnús er vakinn og sofinn yfir velferð barnanna ásamt því að hafa mikinn áhuga á stjórnámum. Mamma og tengdaforeldrar eru einnig afar hjálpsöm og stuðningsrík. Ég er mjög þakklát fyrir fjölskyldu mína. Ég myndi ekki ná að sinna þessu öllu ein, það er víst.“

Forgangsröðunin skiptir sköpum við að halda mörgum boltum á lofti og virðist Lilja vera með það á hreinu. Þegar heim er komið er ekki verið að rífa strax upp ryksuguna. Þrífir en látin bíða og við tekur samverustund.

Lilja hefur alla tíð haldið fjölskyldunni til hlés og segir það meðvitaða ákvörðun. „Ég er í þessu starfi því ég valdi mér það. Börnin mín og maðurinn minn hafa ekki valið sér það. Mér finnst að þau eigi rétt á að vera þau á sínum forsendum en ég tek

Ég er í þessu starfi því ég valdi mér það. Börnin mín og maðurinn minn hafa ekki valið sér það.

þau mikið með mér þó þau séu ekki endilega á myndum með mér. Mér finnst að heimilið sé gríðastaður. Hjá foreldrum mínum var það svipað. Vinnan er vinnan og heimilið er heimilið.“

Fullar rútur af reiðum bankamönnum

Lilja er ekki óvön því að takast á við „fordæmalausa tíma“ en hún stóð í stafni skútunnar þegar hún starfaði hjá Seðlabanka Íslands í bankahruninu og stýrði að hluta til þeirri löngu og ströngu vinnu sem afnám fjármagnshaftanna fól í sér og íslenskt efnahagslíf átti allt sitt undir. „Sem endaði með þessum stöðugleikaframlögum sem eru aldeilis fín núna þegar þarf að fjármagna eitt og annað vegna COVID-ástandsins,“ segir Lilja en vinnan á bak við afnám haftanna var ekki einföld. „Niðurstaðan er ekki sjálfgefin. Hópurinn sem stóð að þessari vinnu var skipaður mjög öflugum einstaklingum. Markmiðið var að gera greiðslujöfnuð þjóðarbúsins sjálfbærar og að uppfylla þyrfti stöðugleikaskilyrðin og þetta tókst!“ segir Lilja stolt af samningunum sem eru kallaðir samningar aldarinnar í nýlegri bók Sigurðar Más Jónssonar.

Í bókinni, sem kallast Af-nám haftanna, samningar aldarinnar? lýsir Jón P. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu bankastjóra Seðlabankans, ástandinu sem blasti við þeim Lilju eftir hrun bankanna haustið 2008:

„Fyrr en varði hafði Reykjavík fyllst af fók-vondum þýskum og japönskum bankamönnum. Í miðri ringulreiðinni brá útsjónarsamur bankamaður, Davíð Blöndal, á það ráð að útvega rútu fyrir hina allra reiðustu og láta aka þeim milli helstu stofnana. Í Seðlabankanum tókum við Lilja Alfreðsdóttir á móti þeim í móttökunni á sjöttu hæð. Seðlabankinn vann þá út frá þeirri reglu að fundu með öllum sem óskuðu þess og svara öllum fyrirspurnum sama hversu óþægilegt það kynni að vera. Við ætluðum vart að trúá okkar eigin augum þegar hver full

lyftan af annarri opnaðist og út stigu bálreiðir bankamenn. Virtist þetta engan endi ætla að taka. Við vísuðum þeim inn í stærsta fundarherbergi bankans og reyndi starfsfólkið í fátí að safna saman fleiri stólum fyrir þá sem brátt fylltu herbergið. Það saud á þeim. Um leið og þeir voru sestir byrjaði háreysti sem minnti á senur í kvikmyndum sem fjalla um þýskar fanga-búðir.“

„Þetta var mikil upplifun en ég var alltaf sannfærð um að við værum að breyta rétt með því að setja neyðarlögin á og standa vörð um ríkissjóð Íslands,“ segir Lilja þegar hún er spurð út í atburðarásina sem lýst er. Hún segir ríkið ekki hafa getað tekið á sig skuldir sem komu frá bankakerfinu, því annars hefði ríkissjóður lent í þroti. „Þannig að ég var alltaf mjög brött í þessari vinnu, því mér fannst ég vera að vinna fyrir þjóðina og hagsmuni hennar.

Þó að þetta hafi auðvitað reynt mikið á, þá var það samt þannig að samstarfsfólk mitt í Seðlabankanum var mjög vandað og með hjartað á réttum stað. Lærdómurinn var einnig mikill og hann hefur nýst mér mikið. Ég nota sömu hugmyndafræðina í dag, það er, fyrst náum við utan um heilbrigði og menntun þjóðarinnar og í kjölfarið kemur atvinnulífið. Ég er eins sannfærð og ég var þá, um að við séum á réttri leið. Ef sýnin og markmiðið er skýrt, þá verða leiðirnar að því góðar.“

Stjórn máttu ekki markmiðið

„Ég stefndi alls ekki á pólitík. Ég hafði verið mjög virk í félagslífinu og var formaður nemendaráðsins í Fellaskóla. Og ef það var eitthvað verið að gagnrýna skólann eða Efra-Breiðholt þá hringdi ég í fjölmiðla. Ég elskaði að takast á um það sem skipti mig máli og þá var fljótlega farið að benda á að það væri augljóst í hvaða átt ég stefndi. Að ég færi í stjórn máttu en svo fór ég í Seðlabankann og kunni alveg rosalega vel við það. Mér fannst það alveg ofboðslega gaman. Svo var ég í raun bara sótt í bankann,“ segir Lilja sem í dag horfir út um

Lilja býr í Fossvoginum og byrjar flesta morgna á því að fara út að hlaupa eða hjóla.

FÖRÐUN/ELÍN REYNISDÓTTIR

MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

gluggann á skrifstofunni sinni í ráðuneytinu og yfir í gömlu skrifstofuna sína í Seðlabankanum.

„Það er ekkert endilega víst að fólk fái brennandi áhuga á stjórnmálum þó það taki að sér pólitísk verkefni. En ég fékk það og mér finnst þessir málaflokkar, mennta- og menningarmál, vera helsta framtíðarráðuneyti þjóðarinnar. Ég er líka hrifin af fólkinu í Framsóknarflokki, það er framsýnt og umburðarlynt.“

Aðspurð hvað henni finnst síst við stjórnmálaflokkinn svarar hún: „Þú ert á sviði, það hafa allir skoðanir á því sem þú ert að gera og þú verður að átta þig á því. Og þá er auðvitað mjög gott að hafa átt föður sem var í stjórnmálum. Hann sagði við mig: Svona eru bara stjórnmálin. Það þarf rosalegt margt að ganga upp til að þú nái einhverju í gegn. Það þarf að hafa mikið fyrir því að ná góðum málum í gegn og leggja mjög hart að sér. Þetta er hörkuvinna.“

Lilja segir að það sé ekki skrítið að fólki í landinu hafi skoðanir á þeim sem það kys til valda. „Það er líka þetta eftirlitshlutverk og aðhald sem almenningur veitir. Þú þarft að íhuga að ákvarðanir þínar hafa áhrif og hver þau verða og hvaða viðbrögð þau kalla á. Ég hef alveg hugsað stundum að þetta sé mjög krefjandi en ég valdi að starfa við þetta. Þegar fólk hefur skoðanir á því sem ég hef verið að gera þá tek ég því. Ég vissi að það yrði þannig og það þarf oft að taka erfiðar ákvarðanir sem mælast ekki alltaf vel fyrir.“

Menntun, nýsköpun og hagkerfið sem er drifið áfram af hugviti er framtíðin að sögn Lilju. „Ef við horfum í kringum okkur og skoðum hvar eru betri lífskjör og meira af vel launuðum störfum, þá er það þar sem mikið er um nýsköpun, tækni og menntun.“

Þetta er áratugur framkvæmda og nýsköpunar. Þær þjóðir sem dragast aftur úr eru þær sem huga ekki að tækni og nýsköpun og það þarf að hugsa um við hvað unga fólkið okkar vill starfa.

Það er sem betur fer að aukast eftirspurn í tækni- og iðnnám og í raun allt nám. „Það er ekki lengur horft til þess að mennta sig í einu fagi sem er svo starfað við út ævina. Fólk er í sífellt meira mæli að söðla um og auka fjölbreytni menntunar sinnar. „Við erum að sjá mikla aukningu í að háskólamenntaðir séu að fara í starfs- og tækninám,“ segir Lilja sem fagnar því.

Kvikmyndagerð ekki stopp Efnisveitan Netflix hefur stoppað upptökur á sjónvarpsþáttum og kvikmyndum víða um heim sökum kóróna-faraldursins. Ísland er eitt af fáum löndum sem enn stendur til að halda tökum gangandi á, á vegum Netflix.

Tryggja þarf að endurnýjun eigi sér stað í kvikmyndaíðnaðinum og að landsmenn eigi kost á að mennta sig í faginu



Lilja Alfreðsdóttir er einn vinsælasti ráðherra landsins.

„Auðvitað er oft verið að biðja um alls konar hluti en það er ekkert endilega fólk sem kannast við mann eða þekkir til. Það er helst þá bara eitthvert ókunnugt fólk.“

Verandi sjálf kona í mjög karllægu umhverfi sem lengi vel hefur þrífist á frændsemi segist hún þó finna lítið fyrir því að vera beðin um vinargreiða. „Það eru lög um opinber fjármál og það er allt í opnu og gagnsæju ferli. Auðvitað er oft verið að biðja um alls konar hluti en það er ekkert endilega fólk sem kannast við mann eða þekkir til. Það er helst þá bara eitthvert ókunnugt fólk. Þeir sem þekkjast mann vita að það er óviðeigandi.“

Þegar óviðeigandi hegðun berst í tal liggur beinast við að spyrja Lilju út í hvernig samband hennar sé við Sigmund Davíð Gunnlaugsson í dag en það var hann sem stóð fyrir því að fá Lilju úr Seðlabankanum og yfir í forsætisráðuneytið sér til stuðnings. Eins og frægt er orðið varð hún fyrir barðinu á Klaustursdónunum, eins og hópur stjórnmálamanna hefur verið kallaður sem svívirtu samstarfsfólk sitt með niðurlægjandi tali og grófri kvenfyrirlitningu síðla árs 2018, þar sem þau sátu að drykkju á bar í miðborginni.

„Það mál er í mínum huga bara afgreitt. Ég sagði mína skoðun á þessu máli, þetta kom mér verulega á óvart og mér fannst það leitt. Ég segi alltaf hvað mér finnst og þeir vita það alveg. Ég hef setið fundi með þessu fólki og það er ekki vandamál,“ segir Lilja keik.

Það er ljóst að stóru málin eru víða og þau þarf að tækla en ekki dvelja við fortíðina. Það þarf að móta framtíð heillar þjóðar og Lilja er bjartsýn. „Ég tel að jákvætt hugfar breyti miklu og hugsa alltaf í lausnum. Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt, orti Einar Benediktsson. Ég hef þetta ljóð hans oft hugfast, af því að það skiptir máli að sýna mildi og miðla málum.“ ■

hérlandis á háskólastigi. Lilja segir Kvikmyndastefnu vera á lokametrunum og að stefnt sé að því að bjóða upp nám í kvikmyndagerð á háskólastigi.

„Við eigum að fara mjög stórhuga inn í 21. öldina. Skimunargeta okkar gerir okkur enn sterkari og heilbrigðiskerfið er sterkt sem gerir okkur í stakk búin til að taka á móti erlendum verkefnum. Ég vil að nýr Listaháskóli rísi í náninni framtíð og við bindum vonir við ný fög og aukna fjölbreytni. Ásamt því er löngu tímabært að reisa þjóðarleikvang fyrir íþróttirnar.“

Hvað listafólk varðar sem orðið hefur fyrir miklu tekjutapi eru lausnir í vinnslu sem kynntar verða fyrir ríkisstjórninni á næstu dögum. „Við erum að vinna að sérstökum aðgerðum sem listafólk getur nýtt og ég er mjög bjartsýn á að við sjáum tilslakanir hér á næstu vikum er varða menningarviðburði. Við erum einnig að setja saman leiðbeiningar fyrir menningarstofnanir ásamt almanna-vörnum til að hægt sé að halda viðburði.“

Þá liggur beinast við að

spyrja hvað stefni í varðandi jólin, en landsmenn eru annál-aðar jólakúlur með mikla þörf fyrir hinar ýmsu jólaskemmtanir. „Ég er sjálf mikið jólabarn og legg áherslu á að landsmenn komist á sína jólatónleika og skemmtanir og ég er bjartsýn á það.“

Við höfum alla burði til að koma út sem sterkara samfélag eftir faraldurinn því við höfum styrkt innviði okkar til muna,“ segir Lilja og bendir á að í Bandaríkjunum séu börn sem hafi ekki farið í skóla síðan í febrúar. „Við höfum getað haldið skólunum opnum og verðum að halda skólunum opnum. Við megum ekki vera með kynslóðir sem líða fyrir það að hafa verið til dæmis í 10. bekk í faraldurinum. Við getum verið leiðandi í þessum faraldri og höfum verið það.“

Frændsemi og fjölmiðlastyrkir

400 milljónum króna í formi rekstrarstyrks var úthlutað í vikubyrjun til einkarekinna fjölmiðla til að mæta efnahagslegum áhrifum COVID-19. Lilja hefur talað fyrir slíkum styrkjum til frambúðar.


„Ég myndi vilja að fjölmiðlafrumvarpið nái fram að ganga en það þarf að nást pólitísk sátt um það. Ég er alveg opin fyrir því að gera einhverjar breytingar á frumvarpinu,“ segir Lilja en frumvarpið er lagt upp að norrænni fyrirmynd þar sem árlegir rekstrarstyrkir eru greiddir af ríkinu til einkarekinna fjölmiðla.

En hvað með einkarekna skóla? Hvað finnst þér um þá?

„Ég tel að það eigi að vera fjölbreytileiki. Ég legg mikla áherslu á að það sé sterkt opinbert kerfi en það skiptir máli að ef metnaðarfullir einstaklingar vilja reka skóla finnst mér að við eigum að styðja við þá.“

Lilja, með sitt sagnfræðiblæti, getur þulið upp þróun ýmissa ríkja tengt dagvistunarmöguleikum og gleymir sér í heillandi tölfræði sem undirstríkar áherslu á að tryggja að konur komist á vinnumarkaðinn og að góð dagvistun sé tryggð.

„Það er meiri hagvöxtur, atvinnuþátttaka og velmegun samhliða því að konur mennti sig og taki þátt í atvinnulíf-inu.“





Kauptu báðar nýju bækurnar
í Bókabúð Forlagsins Fiskislóð
og fáðu derhúfu með

Stuttir kaflar og aðgengilegur
texti sem hentar byrjendum í
lestri fullkomlega



ÞÚ RÆÐUR HVAÐ GERIST!



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16

GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR


Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO
ALLT
GANGI
SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Útskýrt á mannamáli: HLUTAFJÁRÚTBOÐ ICELANDAIR

Framtíð Icelandair er undir í komandi hlutafjárútbóði. Vegna þessa hefur ríkið brugðist við og komið að borðinu. DV útskýrir hér Icelandair-málið á mannamáli.

Heimir
Hannesson
heimir@dv.is



Þann 7. febrúar á þessu ári sagði Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, í viðtali við Morgunblaðið að Icelandair ætlaði sér að skila hagnaði á árinu 2020 eftir mikinn taprekstur árin á undan. Nú berst fyrirtækið í bökkum og af orðum Boga að dæma nú, hálfu áru síðar, er framtíð fyrirtækisins undir í komandi hlutafjárútbóði. Ofan á það hafa ríkisbankarnir og ríkið sjálft slengt fram 16 milljarða lánalínu með ríkisábyrgð. Til stendur að selja hluti í fyrirtækinu á genginu 1.

En hvað þýðir þetta?

Vandræði Icelandair hófust með kórónaveirufaraldrinum. Þegar landamæri heims lokuðust hurfu tekjur flugfélagsins. Við tók langt ferli að skrúfa fyrir útgjöld félagsins og fjármagna komandi taprekstur.

Uppsagnir og samningar við birgja og lánardrottna

Ljóst var að tvennt þyrfti að koma til. Í fyrsta lagi þyrfti Icelandair að skera útgjöld niður eins mikið og hægt var. Í öðru lagi varð fljótlega ljóst að flugfélagið þyrfti að stórbæta lausafjárstöðu sína til þess að standa undir yfirvofandi taprekstri.

Fyrst sagði flugfélagið upp 240 manns í lok mars. Stærsta hópuppsögn Íslandssögunnar fylgdi svo í lok apríl þegar rúmlega 2.000 voru reknir. Þá hafði ríkið lofað að niðurgreiða uppsagnarfresti starfsmanna.

Fjárhagsstöðu sína hyggst Icelandair svo bæta með hlutafjárútbóði. Hlutafjárútbóð er þegar nýir hlutir eru búnir til í félaginu og boðnir til sölu. Þannig eykst fjármagn félagsins og nýir aðilar bætast í eigendahópinn. Fyrirtækið sjálft stækkar þó ekkert. Hér má ímynda sér köku sem er skorin í fjórar sneiðar og hver sneið er eign eins eiganda. Svo þegar þörfin knýr á er hver sneið skorin í tvennt og helmingur hverrar sneiðar seldur öðrum manni. Nú eru sneiðarnar átta. Kakan hefur ekkert stækkað heldur eru nýir eigendur komnir inn á kostnað hlutar fyrri eigenda. Þetta er gert til þess að auka fjármagn sem fyrirtækið hefur úr að spila.



Vandræði Icelandair hófust með kórónaveirufaraldrinum. Þegar landamæri heims lokuðust hurfu tekjur flugfélagsins.

MYND/ERNIR

„Hlutafjárútbóð er þegar nýir hlutir eru búnir til í félaginu og boðnir til sölu.“



Hlutafjárútbóð er eins og að skera kökusneiðar í enn minni sneiðar og selja. Þannig ætlar Icelandair að fjármagna komandi taprekstur.

MYND/GETTY

Hlutafé Icelandair er í dag tæplega 6 milljarðar og ganga hlutir kaupum og sölu rétt yfir genginu 1. Gert er ráð fyrir að afla 20 milljarða króna í hlutafjárútbóðinu sem fram undan er. Þannig má gera ráð fyrir því að hlutafé Icelandair verði 26 milljarðar í kjölfar útbóðsins. Þeir sem áður áttu milljarðana sex verða því 6/26 eigendur félagsins eftir útbóði. Hlutur þeirra þynnist sem því nemur. Fyrir liggur því að nýir fjárfestar verða meiri-hlutaeigendur í flugfélaginu.

„Dillinn“ sykurhjúpaður

En hver vill setja pening í fyrirtæki hvers yfirlýsta stefna er að safna peningum til að fjármagna fyrirséðan taprekstur? Ekki margir. Til þess að lokka fjárfesta að borðinu hefur Icelandair þurft að ráðast í ýmsar aðgerðir. Félagið hefur þurft að semja við Boeing vegna kaupa á MAX 737-vélunum frægu, semja við stéttarfélag flugstéttanna þriggja, flugmanna, flugfreyja og flugvirkja, semja við

lánardrottna sína, færsluhirði o.s.frv.

Þó að 20 milljarðar hljómi eins og svimandi há upphæð, þá er hún ekki stór í samhengi stórs alþjóðlegs flugfélags. Því kann það að fara svo að Icelandair þurfi enn frekari fjármögnun og hafa ríkisbankarnir tveir, Íslandsbanki og Landsbankinn, stigið þar inn. Hafa þeir lofað Icelandair 16 milljarða lánalínu. Nokkurs konar yfirdrætti á kostkjörum.

Til að tryggja að hugsanlegir fjárfestar bíti á agnið hefur svo ríkið veitt ríkisábyrgð fyrir 90% af þessu láni. Greiði flugfélagið ekki bönkunum lánið til baka, mun ríkið gera það. Þetta gerir bönkunum kleift að lána Icelandair þessa 16 milljarða á miklu betri vaxtakjörum en ella væri mögulegt, eða 3%.

Aðkoma ríkisins mörgum skilyrðum háð

Aðkoma ríkisins er flugfélaginu ekki ókeypis. Ríkið hefur sett ýmis skilyrði fyrir að-

komu sinni að fjármögnuninni. Meðal annars setti ríkið það sem skilyrði að útbóðið færi fram á genginu 1. Sagt hefur verið frá því að Icelandair hugðist bjóða gengi nær 1,5. Lægra gengi í hlutafjárútbóðinu þýðir í raun að kökusneið fyrri eigenda er skorin í enn fleiri sneiðar og hlutur fyrri eigenda þynnist meira út við útbóðið. Á móti fá svo væntanlegir kaupendur hlutabréfa í Icelandair meira fyrir sinn snúð.

Þá hefur ríkið einnig sett það sem skilyrði að Icelandair reyni til fulls að fjármagna sig með eðlilegum hætti á markaði áður en það gangi á ríkis tryggðar lánalínur. Enn fremur má ekki nota þetta lánsfé í neitt annað en að borga rekstrarkostnað félagsins og fari svo að gengið verði á ríkis tryggt lánsfé mega stjórnendur Icelandair ekki greiða út arð til hluthafa í tvö ár.

Enn fremur hefur þátttakendum í hlutafjárútbóði, þ.e.a.s. kaupendum nýju kökusneiðanna, verið tryggt

25% áskriftarréttindi á 15% ársvöxtum næstu tvö ár. Það þýðir að kaupi einstaklingur fyrir milljón í félaginu í upphaflegu hlutafjárútbóði, má hann kaupa enn meira, eða fyrir 250.000 á genginu 1,15 eftir ár.

Af hverju er það gott fyrir væntanlega kaupendur? Vegna þess að um er að ræða kauprétt sem þarf ekki að ganga að. Þannig er verið að festa kaupverð á hlutabréfum í fyrirtæki heil tvö ár fram í tímann. Ef fyrirtækinu vegnar vel og hlutabréf þess ganga kaupum og sölum á til dæmis genginu tveimur að ári liðnu, eru það mikil kostakjör að fá að kaupa hlut í félaginu á 1,15. Ef svo fer að félaginu vegnar illa og hlutir félagsins eru enn á genginu 1 eða þar um bil geta áskriftarhafar einfaldlega sleppt því að kaupa hlutina.

Risastór viðburður á íslenskan mælikvarða

20 milljarðar eru gríðarlega stór bita að kyngja fyrir flesta innlenda aðila og það því ljóst frá upphafi að hlutafjárútbóðið yrði ómögulegt án aðkomu lífeyrissjóðanna.

Eigendur Icelandair eru í dag að mjög stórum hluta, einmitt lífeyrissjóðirnir. Hér kunna þá einhverjir að spyrja af hverju lífeyrissjóðir eru að taka þátt í hlutafjárútbóði sem mun þynna út hlut þeirra í fyrirtækinu. Komum við þá aftur að orðum Boga Nils Bogasonar, forstjóra félagsins. Ef hlutafjárútbóðið nær ekki markmiði sínu er óljóst hvort fyrirtækið verði rekstrarhæft í kjölfarið. Það kann því að vera hagrúnuverandi eigenda að verja hlut sinn með frekari fjárfestingu þótt það þýði að fyrri hlutur rýrni verulega.

Nýlega var svo tilkynnt að bankarnir hafi sölutryggt hlutafjárútbóðið. Það þýðir að bankarnir eru nú skuldbundnir til að kaupa í Icelandair fyrir allt að 3 milljarða hvor í hlutafjárútbóðinu, fari svo að Icelandair nái a.m.k. 14 milljörðum áður. Þannig er það tryggt að 20 milljarða markinu verði náð, jafnvel þó aðeins takist að selja fyrir 14 milljarða. Með þessu var talsverðum þrýsting létt af Icelandair í aðdraganda útbóðsins.

Sjálft útbóðið mun fara fram, eins og áætlanir standa í dag, um miðjan septembermánuð. ■



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænar innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

FREISTNIVANDI VEGNA HEIMILDAR TIL AÐ TAKA ÚT SPARNAÐINN

Reiknað var með að úrræði stjórnvalda yrði nýtt til að taka út um 10 milljarða af séreignarsparnaði. Nú er staðan þannig að allt stefnir í að milljarðarnir verði 20.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Eitt af úrræðum stjórnvalda vegna COVID-19 er að fólk geti nú tíma-bundið tekið út séreignarsparnað, óháð aldri, að hámarki 12 milljónir króna á einstakling. Úrræðinu var meðal annars ætlað að létta undir með þeim sem orðið hafa fyrir tekjufalli vegna COVID-19. Engar kröfur eru þó gerðar um ráðstöfun þess sem tekið er út.

Upphaflega var reiknað með því að tíu milljarðar króna yrðu teknir út með þessari heimild. Samkvæmt nýjustu gögnum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu hafa hins vegar tæplega sjö þúsund manns nú þegar tekið út 14,5 milljarða af séreignarsparnaði sínum frá því heimildin tók gildi þann 1. apríl. Reiknað er með að heildarúttekt nemi 19,8 milljörðum króna fram til mars 2022. Miðað við stöðuna nú verður úttekt á séreignarsparnaði því tvisvar sinnum það sem reiknað var með.


Nýtum peninga einu sinni

Dórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir mikilvægt að þeir sem ætli að taka út viðbótarlífeyrissparnað skoði stöðu sína vel. „Þessir fjármunir verða auðvitað ekki nýttir nema einu sinni og úttekt kemur til með að draga úr ráðstöfunartekjum í framtíð en þessi sparnaður er hugsaður til greiðslu lífeyris,“ segir hún.

Hún vekur sérstaka athygli á því fyrir fólk sem stendur illa fjárhagslega að ekki er hægt að ganga að lífeyrissparnaði við gjaldþrot eins og öðrum eignum. „Ef fólk er að nýta séreignarsparnaðinn til að greiða niður lán en það dugar þó ekki til og verður gjaldþrota eigi að síður þá var það í raun að henda lífeyrissparnaði sínum inn á kröfur lánardrottna,“ segir Dórey.

Lítill greiningarvinna að baki

Nú er hægt að taka út mun hærri upphæðir en þegar tímabundið var heimilt að taka út séreignarsparnað í kjölfar bankahrunsins. „Fólk stendur því frammi fyrir ákveðnum freistnivanda, að geta tekið út lífeyrissparnað sinn án þess að þurfa í raun á því að halda. Það er mikilvægt að



Mikilvægt er að átta sig á því að með því að taka út séreignarsparnað er fólk að eyða ráðstöfunartekjum framtíðarinnar.

MYND/ERNIR

Hvað þarf að hafa í huga?


- Úttekt skerðir lífeyrisgreiðslur í framtíðinni
- Möguleiki á að lenda í herra skattþrepi
- Hefur áhrif á tekjutengdar endurgreiðslur til LÍN
- Ekki er hægt að ganga að séreignarsparnaði við gjaldþrot

horfa til framtíðar. Einnig er vert að minna á að þessar úttektir flokkast sem tekjur og greiða þarf fullan tekjuskatt af úttekt. Þá getur útgreiðsla haft áhrif til hækkunar á tekjutengdum afborgunum af námslánunum,“ segir Dórey.

Henni sýnist sem stjórnvöld hafi ekki farið í mikla greiningarvinnu vegna úrræðisins fyrir fram en hún hefur ákveðinn skilning á því vegna þess að hratt hafi þurft að bregðast við. „Hér má líka horfa til þess að stjórnvöld eru að nýta skattstofn á meðan illa árar en sá sami skattstofn verður ekki nýttur að nýju í framtíðinni.“

Séreignarúrræði í COVID-19 faraldri

Milljónir króna



HEIMILD: STJÓRNARRÁÐIÐ

Ekki hægt að segja til um áhrifin

DV óskaði eftir svörum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hvaða forsendur hafi legið að baki upphaflegu mati á umfangi úrræðisins og hvort mistök hafi verið gerð þegar það mat var gert. Í svarinu segir:

„Í áhrifamatskafla frumvarps þess sem hafði að geyma tillögu að lögfestingu á nógildandi heimild til út-

greiðslu séreignarsparnaðar kom fram að ekki væri unnt að segja til um áhrif heimildarinnar þar sem hún myndi ráðast af umfangi útgreiðslna og um það ríkti töluverð óvissa þegar frumvarpið var samið.

Þó var við gerð frumvarpsins horft til reynslu árána 2009-2015, þegar sambærilegar úttektarheimildir voru í gildi, og fjöldi einstaklinga sem nýttu sér heimildirnar

á því tímabili. Í áhrifamati nógildandi heimildar var því gróflega áætlað að tekjuskattur af útgreiðslum gæti numið 2 milljörðum kr. og útsvar 1,5 milljörðum kr. yfir útgreiðslutímabilið, sem er í takt við varfærna áætlun á tekjuhlið ríkisins.

Efnameiri nýta úrræðið

Fjöldi einstaklinga sem sótt hafa um útgreiðslu séreignarsparnaðar í nógildandi úrræði er nokkurn veginn sá sami og í gildistíð eldri úttektarheimilda en úttektarheimildin er hærri en þá var, eða 12 milljónir króna. Hins vegar virðast einstaklingar sem eiga talsverðan séreignarsparnað hafa nýtt sér úrræðið í meira mæli en áður. Mistök voru því ekki gerð við áhrifamatið en hins vegar er ljóst að samsetning þeirra sem nýtt hafa úrræðið er önnur en á árunum 2009-2015, þ.e. tekjuhærri einstaklingar nýta sér úrræðið í meira mæli en áður hefur verið.“

Þá er í svarinu vakin athygli á því að eignir í séreignarsjóðum nema 750 milljörðum kr. og nemur úttekt 2,7% af heildareign landsmanna í sér- eign. ■

NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGMENN 7-13 ÁRA

10 skipta námskeið sérhannað fyrir börn og ungmenni sem eru aðstandendur



„Barnánámskeiðið í Ljósínu fór fram úr úr mínum björtustu vonum. Það gaf börnunum mínum ákveðinn fasta í gegnum mitt ferli, leyfði þeim nálgast viðfangsefnið á skapandi vegu og losaði um marga hnúta í maganum.“

37 ára móðir

Hefst miðvikudaginn 9. september 2020 í Ljósínu á Langholtsvegi 43

10. vikna námskeið fyrir börn og unglunga sem eiga það sameiginlegt að vera aðstandendur krabbameinsgreindra.

Þátttakendur fá tækifæri að upplifa, skapa og tjá sig í gegnum leik og verkefni í öruggu og styðjandi umhverfi. Lögð er áhersla á að mæta þörfum hópsins sem og hvers og eins innan hans.

Námskeiðið fer fram á miðvikudögum milli 16:00 og 17:30 og er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Skráning fer fram í móttöku Ljóssins í síma 561-3770





Aðalbjörg Stefánía Helgadóttir kafaði djúpt í tengsl og samskipti fólks þegar hún skrifaði Samskiptaboðorðin. Nú vinnur hún að bók um einmanaleikann.

MYND/ SIGTRYGGUR ARI

YFIR FJÓRÐUNGUR EINMANA

Einmanaleiki er útbreitt vandamál og er algengastur meðal unglinga og aldraðra. Aðalbjörg Stefánía Helgadóttir vinnur að bók um einmanaleikann sem er sífellt að aukast.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Ég tel að fólk sé meira einmana nú en áður fyrr. Samfélagið hefur breyst svo mikið í gegn um tíðina og samverustundirnar eru færri. Eftir því sem fermetrunum í kringum hverja manneskju fjölgar, því færri fólk er í kringum okkur," segir Aðalbjörg Stefánía Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur og sjálfstætt starfandi rithöfundur. „Mín tilfinning er að unga fólkið í dag sé að hverfa aftur til fortíðar að þessu leyti, leggja meiri áherslu á samveru og spá minna í stórum húsum.“

Aðalbjörg vinnur nú að bókinni „Einmanaleikinn – bók um verðmæti“ sem væntanleg er á næsta ári. „Verðmætin eru fólgin í tengslunum sem okkur skortir þegar við erum einmana.“ Hún segir að bókinn sé aðgengileg þrátt fyrir að vera fræðibók að einhverju

EINMANALEIKI ALGENGASTUR HJÁ UNGLINGUM OG ÖLDRUÐUM

Algengi einmanaleika hér á landi sem víðar í hinum vestræna heimi er mest á unglingsárum og á efri árum. Ef við myndum setja fram mynd sem sýnir tíðni einmanaleika frá aldrinum núll og upp í 100 ára, þá kæmi út U-laga kúrfa þar sem algengið væri mest hjá unga fólkinu og svo aftur meðal eldri borgara. Embætti landlæknis (2019) leggur reglulega fram lýðheilsuvísu í þeim tilgangi að gefa yfirsýn yfir lýðheilsu meðal landsmanna, styrkleika og veikleika í því sambandi og koma auga á þarfir íbúa hvað varðar heilsu og líðan. Einmanakennd er einn þeirra lýðheilsuvísa sem lagt er mat á. Árið 2018 voru 12,8% framhaldsskólanema á Íslandi einmana eða ríflega einn af hverjum sjö nemum.

Árið 2016 voru 10,7% framhaldsskólanema hér á landi einmana. Þeim hefur því fjölgað um rúmlega tvö prósent á milli ára, sem gefur vísbendingar um að ef áfram

heldur sem horfir verði fimmtungur ungmenna í íslenskum framhaldsskólum einmana árið 2024. Einmanaleiki ungs fólks gefur einnig vísbendingar um líðan þeirra hina sömu á fullorðinsárum, það er sem sagt líklegt að þau ungmenni sem upplifa einmanakennd muni einnig skorta félagsleg tengsl á fullorðinsárum.

Velferðarráðuneytið leggur reglulega mat á líðan eldri borgara á Íslandi. Samkvæmt niðurstöðum á mati frá árinu 2016 eru 17% aldraðra hér á landi stundum eða oft einmana. 65% segjast aldrei vera einmana. Árið 2012 sögðust 74% aldrei vera einmana og 13% voru stundum eða oft einmana. Það er því ákveðinn stígandi í upplifun aldraðra á einmanaleika hér á landi.

ÚR ÓÚKOMINNI BÓK AÐALBJARGAR HELGADÓTTUR „EINMANA – BÓK UM VERÐMÆTI“

„Verðmætin eru fólgin í tengslunum sem okkur skortir þegar við erum einmana.“

leyti. „Hún á að vera jákvæð og veita fólki von,“ segir Aðalbjörg.

Hún er höfundur bókarinnar Samskiptaboðorðin sem kom út árið 2016 og vakti gríðarlega athygli. Hún hóf vinnu við nýju bókina í fyrrasumar og fékk síðan níu mánaða starfslaun á þessu ári úr Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna til að ljúka henni en aðeins 18% umsókna voru samþykkt.

Auðveldara að týnast í stórborgum

Hún segist hafa mikinn áhuga á samskiptum og tengslum fólks, og einmanakenndin sé eins konar andstaða við það sem hún hefur áður skrifað um. „Ég hef sjálf ekki upplifað þessa sáru þjáningu sem fylgir einmanaleikanum. Ég hef hins vegar umgengist fólk í lífi og starfi sem hefur reynslu af þessari líðan. Ég hef til að mynda verið að

kenna í Bataskólanum og rætt þar við fólk sem hefur tekist á við þessa djúpu og sáru einmanakennd.“

Aðalbjörg vinnur með þá skilgreiningu á einmanaleika að þetta sé tilfinning sem stafi af skorti. „Ef við erum svöng þá erum við hungruð og okkur skortir mat. Ef okkur skortir tengsl þá verðum við einmana. Einmanaleikinn verður til því okkur vantar eitthvað.“

Allir upplifa einmanakennd einhvern tímann á ævinni en birtingarmyndin getur verið ólík. Heilt yfir er talað um að 22-25% þýðis upplifi sig einmana á hverjum tíma. Það er ansi mikið. Í samfélaginu í dag getum við því gefið okkur að einn af hverjum fjórum til einn af hverjum fimm sé einmana.“

Hún bendir einnig á að fólk sem býr í stórborgum verði gjarnan meira einmana en þeir sem búa í minni samfélögum. „Í borgarsamfélagi gleymum við oft að gæta að náunganum og að láta okkur hvert annað varða. Í stórum borgum er auðveldara að týnast bara og hverfa án þess að nokkur verði þess var.“ Þannig tíðkist það bæði héraðs og erlendis að fólk kjósi að einangra sig og vilji ekki eiga tengsl við neinn.

Skömmin er sterk

Skrifin voru komin á rekspöl þegar COVID-19 kom til sögunnar og setja heimsfaraldurinn og afleiðingar hans nú ákveðinn svip á viðfangsefnið. „Ég hef verið að taka viðtöl við fólk og birti reynslusögur. Í fyrri bylgjunni voru margir sem höfðu áður verið einmana sem töluðu um að þeir væru í raun orðnir minna einmana því það væru fleiri einangraðir og væru að upplifa sömu tilfinningar og þeir sjálfir.“

Nú í seinni bylgju faraldursins hef ég hins vegar orðið vör við mun neikvæðari umræðu, meiri reiði og að margir séu ósáttir við ýmsar af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að stemma stígu við faraldrinum. Í stuttu máli þá er nú minni samkennd og minna þol. Áður vorum við meira saman í þessu verkefni og öll að róa í sömu átt. Mér finnst ég upplifa í meira mæli að fólk er farið að hreyta í aðra og sýna fjandsamlegt viðhorf í garð fólks sem það þekkir ekki, til að mynda afgreiðslufólks og fólks í þjónustustörfum.

Við þurfum öll að leggjast á eitt. Þótt við sjáum ekki til lands núna þá munum við komast þangað á endanum og verðum að auka þol okkar fyrir óvissunni sem er í gangi.“

Aðalbjörg bendir á að ýmislegt á tímum faraldursins yki undir einmanaleikann, ekki bara eiginleg einangrun. „Nú megum við ekki faðmast og margir upplifa skort á nánd vegna þess að fólk snertist síður,“ segir hún.

„Annar þáttur er skömmin. Nú er atvinnuleysi líka að aukast og margir upplifa skömm yfir því að vera án at-



17% aldraðra hér á landi eru stundum eða oft einmana. MYND/GETTY



Einmanaleiki getur orðið til þess að börn og unglingar verða döpur og þróa með sér neikvæða sjálfsmynd. MYND/GETTY

vinnu, hvernig sem það kom til. Sumum finnst þeir vera orðnir baggi á samfélaginu og taka pláss þar sem ekki er rými fyrir þá. Afleiðingin verður að fólk einangrar sig enn frekar.

Þetta eru eins konar dómínó-áhrif; fólk missir vinnuna, einangrast, upplifir skömm yfir atvinnuleysinu og einangrar sig því enn meira. Fólk hefur almennt þörf fyrir að tilheyra hóp, og þá, sem eru kannski ekki í vinnu, ekki í neinum saumaklúbb eða hóp sem fer saman í veiðiferðir, skortir þessi tengsl.“

Erfitt að brjótast út úr einangrun

Hún segist óska þess að hún væri með leyniformúluna til að koma í veg fyrir einmanaleika en það sé ekki svo gott. „Fyrsta skrefið er að tala um hvernig manni líður sem er samt enn erfiðara núna þar sem fólk hittist síður út af COVID.“

Ég hef verið að reyna að taka saman hvernig fólk býr sér til samfélag, hvernig það nær sér í tengslanet og hvernig það virkjar tengslanetið. Það er mikilvægt að fólk efli virkni sína. Helstu úrræði sem talað er fyrir er að fólk láti muna um sig, reyna að hitta fólk, jafnvel fara í Rauða krossinn og bjóða þar fram aðstoð sína. Það eru til alls konar gönguhópar sem getur verið gott að taka þátt í.

Allt skiptir máli þegar fólk er að reyna að brjótast út úr einangrun. Þetta er þó erfitt, eins og þegar fólk er að byrja á einhverju nýju, því margir upplifa ákveðið öryggi í þessum aðstæðum ef þær hafa verið langvarandi, einfaldlega vegna þess að það veit ekki hvað gerist ef það brýst út úr aðstæðunum. Mikilvægast af öllu er að hlúa vel að sjálfum sér, sýna sjálfum sér samkennd, hugsa fallega til sín og ætla sér ekki um of.“

RÁÐ TIL AÐ DRAGA ÚR EINSEMD

Mjög einstaklingsbundið er hvaða ráð duga best til að auka félagslega virkni og vinna á einsemd. Ólíkar ástæður geta verið fyrir því að við upplifum einmanaleika, til dæmis skortur á tækifærum til að hitta fólk, skortur á félagsfærni og slæm andleg eða líkamleg heilsa.

Skortir þig sjálfstraust eða færni í samskiptum? Hefur þú ekki orku eða heilsu til að fara út úr húsi? Upplifir þú kvíða í kringum annað fólk? Ef svo er þarf að byrja á því að leita lausna við þeim vanda. Þú getur leitað til heilsugæslunnar sem getur hjálpað þér að finna aðstoð við hæfi, til dæmis sálfræðimeðferð eða félagsráðgjöf.

Aðstæður í lífinu geta einnig orðið til þess að rjúfa mikilvæg félagsleg sambönd, svo sem breytingar í tengslum við skóla,

vinnu eða búsetu, vina- eða ástarsambönd sem taka enda, makamissir, börn fara að heiman o.s.frv. Þá er mikilvægt að leita leiða til að byggja upp ný tengsl. Hér eru nokkrar hugmyndir sem má nýta til þess en hver og einn þarf að meta hvað hentar með tilliti til aldurs, áhugasviðs, heilsufars, færni, fjárráða og svo framvegis.

- Hafa samband við vin og skipuleggja hitting, t.d. bíó eða kaffihús.
- Bjóða einhverjum í heimsókn.
- Taka þátt í félagsstarfi (t.d. mæta í félagsmiðstöð).
- Fara út – í sund, á bókasafnið, niður í bæ, röltu um og upplifa mannlífið.
- Taka þátt í sjálfbodastarfi.
- Fá skóla- eða samstarfsfélaga með sér í hádegismat.
- Skrá sig á námskeið – mat-

reiðslu, tungumál, skapandi skrif.

- Bjóða fram aðstoð, t.d. við barnapössun, dýrahald, heimilisstörf.
- Fylgjast með menningar- og listviðburðum.
- Kanna hvaða starf er í boði t.d. á þjónustumiðstöðvum, menningarmiðstöðvum og á vegum Rauða krossins.
- Bjóða nágranna í mat.
- Fá sér gæludýr.
- Skrá sig í ferðafélag.
- Taka þátt í leshring, kórstarfi eða öðru skapandi starfi.
- Taka þátt í heilsurækt þar sem sami hópur hittist reglulega, t.d. gönguhópar, jóga eða hugleiðsla.
- Leita aðstoðar vegna andlegra erfiðleika, s.s. kvíða, þunglyndis eða slæmrar sjálfsmyndar.

Konan sem dó á gamlárskvöld

Shele Danishefsky lést á gamlárskvöld árið 2009. Dauði hennar virtist vera hræðilegt og sérkennilegt slys. En ástandið í hjónabandi hennar vakti grunsemdir og um síðir hófst lögreglurannsókn. Niðurstaða fékkst ekki í málið fyrr en árið 2019.

SAKAMÁL

Shele Danishefsky var glæsileg kona á Manhattan í Bandaríkjunum, moldríkur fjármálaráðgjafi hjá fjárfestingabanka. Árið 1998 giftist hún Rod Delvin sem var 11 árum yngri, myndarlegur ungur maður en sérstæður náungi með mikla ástríðu fyrir teningaspilinu Kotru (Backgammon). Þau eignuðust þrjú börn saman. Rod var verðbréfasali en hann var ekki auðugur eins og Shele.

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Á gamlárskvöld árið 2009 kom dóttir Shele að henni meðvitundarlausri í baðkarinu í íbúð fjölskyldunnar á Manhattan. Vatnið í baðinu var blandað blóði. Hún hafði samband við föður sinn, Rod Delvin, sem kom á vettvang, dró konu sína upp úr baðkarinu og reyndi lífgunaraðgerðir við hana, en án árangurs. Er lögregla og sjúkralið komu á vettvang var Shele látin og Rod var óhuggandi. Hin glæsilega auðkona, 47 ára gömul, virtist hafa látist í sérkennilegu og illútskýranlegu slysi. Athygli vakti að baðskápshurð fyrir ofan baðkarið var laus og svo virtist sem Shele hefði rífið í hana og fallið niður.

Hjónin voru af gyðingaættum og algengt er meðal gyðinga að leggjast gegn krufningu. Lík Shele var því ekki krufið enda þótti ekki ástæða til þess – svo virtist sem hörmulegt slys hefði orðið. En ekki leið á löngu þar til grunsemdir vöknudu hjá fjölskyldu Shele, ekki síst þegar rann upp fyrir þeim hvernig hjónaband Shele og Rods var orðið, og þau urðu áskynja um eitt og annað sem hafði gengið á í aðdraganda harmleiksins.

Atvinnulaus og ótrú skaphundur

Hjónaband Shele og Rod var fyrir löngu farið í vaskinn. Rod var skapofsamaður, hann hélt fram hjá Shele, hann var atvinnulaus og hann var forfallinn spilafíkill þar sem hið gamla teningaspil Kotra eða Backgammon átti hug hans



Rod Delvin. Margir telja að hann hafi kvænst til fjár.

MYND/SKJÁSKOT AF YOUTUBE

Shele hafði sótt um skilnað og Rod bjó í raun ekki lengur með henni og börnunum heldur í annarri íbúð á sama stigagangi sem var í eigu Shele.

allan, en hann var formaður Kotru/Backgammonsamtaka Bandaríkjanna, og um það leyti sem Shele dó var það eina raunverulega trúnaðarstaða hans. Hann hafði verið rekinn frá verðbréfafyrirtækinu þar sem hann starfaði um skeið og var varla með nokkur launuð verkefni.

Shele hafði sótt um skilnað og Rod bjó í raun ekki lengur með henni og börnunum heldur í annarri íbúð á sama stigagangi sem var í eigu Shele. Shele vildi að hann hefði tækifæri til að vera í nánú sambandi við börnin þó að hún vildi ekki vera gift honum lengur; en hún var farin að hitta annan mann. Rod hafði ekki verið við eina fjölinna felldur í kvennamálum árum saman.

Enn fremur kom í ljós að Shele hafði breytt erfðaskrá sinni aðeins tveimur dögum fyrir andlát sitt. Börnin

Shele Danishefsky var glæsileg kona.



hennar áttu að erfa allar hennar eignir og Rod ekki neitt.

Skömmu eftir jarðarförina krafðist fjölskylda Shele þess að líkamsleifar hennar yrðu grafnar upp og krufnar. Við krufningu vakti helst athygli að bein í hálsi hennar var brákað. Ekki tókst við krufningu að kveða upp úr um dánarorsök. En lögregla var byrjuð að rannsaka dauða Shele sem hugsanlegt morð.

Furðulegt atferli ekkilsins

Við rannsókn kom meðal annars í ljós að Shele hafði gengið á reikninga eigin konu sinnar og sameiginlega reikninga þeirra eins og hann frekast gat og meira að segja dregið sér fé úr háskólasjóði barnanna. Eftir lát Shele flutti Rod með börnin heim til foreldra sinna. Hann lenti iðulega í hörðum deilum við þau en þau ásökuðu hann um að sóa peningum barnanna

sinna. Þau grunuðu hann hins vegar ekki um að hafa myrt Shele.

Svo fór að foreldrar hans ráku hann út og skiptu um lás að húsnæðinu. Börnin voru hins vegar áfram hjá þeim.

Atferli Rods var hið undarlegasta. Kærasta hans á þessum tíma vitnar til dæmis um það að hann hafi lagt drög að því að myrða foreldra sína en hún fékk hann ofan af þeim áformum. Þá hafði hann uppi ráðagerðir um að gifta 13 ára dóttur sína til Mexíkó. Sem betur fer varð ekkert úr því.

Lögreglurannsóknin leiddi í ljós að á tímabilinu eftir að Shele krafðist skilnaðar hafði Rod hakkað sig inn á tölvupóstreikning hennar. Enn fremur fundust sérkennileg drög að tölvubréfi inni á Gmail-reikningi 9 ára dóttur hans, þeirri sem hafði komið að Shele látinni og kallað Rod til. Þar segist hún bera ábyrgð á dauða móðurinnar en eftir rifrildi hafi hún hrint henni ofan í baðkarið. Lögreglan trúði því ekki að barnið hefði skrifað þetta sjálft og talið var að Rod hefði skrifað þetta og þannig reynt að varpa sök á barn sitt.

Rannsóknin leiddi enn fremur í ljós að losaði hafði verið um skrifur á baðskáps-hurðunum. Þar með virtist sú atburðarás að Shele hefði rífið í baðskáps-hurðina fyrir ofan baðkarið um leið og hún féll niður hafa verið sviðsett.

Niðurstaða tíu árum eftir atburðinn

Rannsóknin tók langan tíma en Rod Delvin var ákærður fyrir morð á eiginkonu sinni árið 2015. Réttarhöldin drögust á langinn en hann var á endanum fundinn sekur og dæmdur í 25 ára fangelsi. Sá dómur féll árið 2019.

Athygli vekur hvað sönnunargögn voru í raun fátækleg og varla er hægt að álykta annað en Rod hafi verið sakfelldur einfaldlega vegna þess að hann hagaði sér mjög grunsamlega. Krufningin leiddi vissulega í ljós brákað bein í hálsi en verjendur Rods bentu á að það hefði getað átt sér stað þegar líkið var grafið upp.

Í raun veit enginn hvað nákvæmlega gerðist þegar Shele Danishefsky dó. Sviðsmyndir af því hvernig það gekk fyrir sig þegar Rod á að hafa orðið eiginkonu sinni að bana eru í raun bara hugarleikfimi. ■



**LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI**



Hin fullkomna eiginkona

Þær voru ekki litlar kröfurnar sem voru gerðar til kvenna í hjónabandi hér áður fyrr. Þær áttu að vera vel til hafðar, prúðar og umfram allt – ekki nöldra í eiginmanninum.

TÍMAVÉLIN

Stór framfaraskref hafa verið stigin undanfarna áratugi í jafnréttisbaráttu kvenna og eins hefur skilningur samfélagsins á því hvað teljist til æskilegra eiginleika kvenna tekið stakkaskiptum á undanfarinni öld. Það er því áhugavert að líta aftur í tímann og sjá hvaða kröfur voru gerðar til eiginkvenna þegar tíðin var önnur.

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Eiginkona þarf að kunna að matreiða, halda hús, sem kallað er, kunna nokkur skil á barnauppleidi og meðferð ungbarna, kunna að stoppa og bæta, vera nýtin á mat og föt, kunna að taka á móti gestum [...]. Hún þarf fremur öðru að kunna þá fögru list að vera skapgóð, kát og laus við nöldur og nag,“ svo sagði í Degi árið 1947. Konur voru helst ætluð þrjú hlutverk á þeim tíma; dætur, mæður en fyrst og fremst eiginkonur. Að vera eiginkona var fullt starf sem veitti engan uppsafnaðan orlofsrétt.

Ferskar eins og rós

„Eruð þér kvæntir eða giftar? Ef svo er, þá eru hér nokkur góð ráð handa ykkur,“ svo var skrifað í Vikunni árið 1939. Á eftir fylgdu tíu ráð sem á þeim tíma þóttu líklega góð og mæt en þættu í dag hinn mesti dónaskapur og helber tímaskekkingja:

1. Verið alltaf kátar og ferskar eins og rós (Það ætti ekki að vera erfitt með þessum nýtzku hjálpargögnum).
2. Verið aldrei háværar eða öng.
3. Raulið aldrei, ef maður yðar talar, ekki einu sinni eftirlætislagið hans, nema hann sé þá heyrnarlaus.
4. Biðjið hann aldrei um gjafir eða greiða, fyrr en hann hefir borðað.
5. Truflið hann aldrei á meðan hann les kvöldblöðin – það er kannski eina ánægja hans allan daginn.
6. Komið honum aldrei í vandræði með því að tala við hann blíðu-



Skilgreiningin á því hvað góð eiginkona er hefur breyst mikið síðustu áratugi.

MYND/NEEDPICS

inur þínum – gera hann að „nýjum og betri manni“. Hann er fæddur með þessum ósköpum, göllunum og getur ekki losnað við þá frekar en sebrahesturinn „getur þvegið af sér rendur sínar.“ Umfram allt, ekki nöldra.

7. Láttu þér ekki detta í hug, að baráttan sé unnin þótt þú sért búin að krækja þér í mann. Ónei góða mín. Mundu það, að það má líkja eiginmanninum við nýjan bíl. Aðalatriðið er ekki það að borga hann út í hönd – heldur er viðhaldið – það að halda honum vel við – aðalatriðið.

Passa sig á tengdó

Þegar líða fór á 20. öldina fóru aðstæður kvenna þó að breytast. Þá var farið að tíðkast í auknum mæli að konur væru úti á vinnumarkaðinum og því var farið að líta á það sem nokkuð eðlilegan hlut að karlmaður tæki þátt í húsverkum, ef konan væri útvinnandi. Hins vegar var mælst gegn því að hleypa þeim eftirlitslausum heim til mæðra sinna, því þá væri voðinn vis.

„Ungir eiginmenn eru margir furðu viljugir að ryksuga og banka teppi svona af og til, jafnvel þótt þeir hafi alla tíð heitið því að snerta aldrei á húsverkum, meðan þeir voru í föður- eða „móður“-húsum. Þess vegna skuluð þið heldur aldrei skilja eiginmanninn eftir hjá móður sinni lengi í einu, ef þið þurfið að skreppa í burtu, því þá verður hann að öllum líkindum ófáanlegur til að taka til hendinni á heimilinu lengi á eftir,“ svo sagði í grein sem birtist í Vísi árið 1958.

Sú sem á bíl

Eitthvað voru karlmenn þó varir um sig eftir þessar breytingar. Í Vikunni árið 1963 birtist ítarlega úttekt á 20 týpum kvenna, kostum þeirra og göllum. Voru þar til dæmis nefndar til sögunnar ógurlegu týpunar: Sú sem er orðin 35 ára, sú sem er flugfreyja og sú sem á bíl.

„Stúlkan sem á bíl, eða er alltaf á bíl er eitt af þjóðfélagsvandamálum nútímans. Þegar maðurinn á ekki bíl er þetta mjög alvarlegt. Það er gegn öllum náttúrulegum málum að konan sé í bílstjórasetinu.“

Þar hafið þið það. Það kæmi líklega svipur á konu í dag ef maki hennar ætlaði að taka upp gamla síði og segja henni að þegja og vera sæt. ■

1. Þárustu oft yfir gleymsku mannsins þíns, hirtuleysi hans og framkomu almennit?

2. Hefurðu að komu á manninn þinn sendiferðum og öðrum smíningum, sem þú ættir að annast sjálf?

3. Fella þú sjaldan í hlut mannsins þíns að taka mikilvægar ákvarðanir í peningamálin, í sambandi við börnin eða önnur fjölskyldumál?

4. Eyðirðu meira í fót og munad en maðurinn þinn?

5. Kvartarðu yfir því, hve aðrar eiginkonur hafi það betra en þú?

6. Ertu oft kaldleg eða þreytuleg í ástarráttum ykkar?

7. Hefurðu litina áhuga á vinnu mannsins þíns og tómstundagæmni?

8. Hefurðu sjaldan fyrir því að framleiða sérstaklega girnilega máltíð?

9. Biður vonþulegast eitthvað verkefni mannsins þíns, þegar hann kemur heim?

10. Ertu óþilgjör í kröfum þínum um, að maðurinn þinn sýni þér „tilhlýðilega“ virðingu og hjónustulund?

EF ÞÚ hefur svarað „já“ sex sinnum eða oftar, þá þarftu sannrlega að taka þér tak. Eftir þú svarað jákvæmt tveimur til fimm sinnum, skortir enn mikið. 4. að þú sért í hópi hinna fullkomnu, en það er hvergi nærri loku fyrir þá skotit, að þú getir búið ráð þitt í framtíðinni. Ef þú hefur nóg svarað einni spurningu jákvæmt, má henta að þú sért fullkomin eiginkona. Og hefirðu svarað öllum spurningunum neikvætt, þá ertu fullkomin!

Hversu verðug ertu ástar?

EFTIR HVERJA af þessum tíu spurningum eru fimm tölur. Mæktu við þá, sem mest nær svarinu: 0 tákna „alls ekki“, 1 tákna „dálítil“, „stundum“, 2 tákna „meðallag“, 3 tákna „venjulega“, 4 tákna „algerlega“, „eitt“.

1. Þú ert geðgöð og litur björtum augum á lífið 0 1 2 3 4
2. Þú ert snyrtileg, hreintleg og hirtusöm 0 1 2 3 4
3. Þú ert sanngjör og ósingjör, notar þér ekki af göfuglyndi hans 0 1 2 3 4
4. Þú hefur eðlilega og heilbrigða afstöðu til kynferðismála 0 1 2 3 4
5. Þú tekur virkan þátt í málefnum þíns hóps, skóla, kirkju eða félags 0 1 2 3 4
6. Þú ert hjó í viðmóti 0 1 2 3 4
7. Þér kemur vel saman við foreldra þína og aðra náustu 0 1 2 3 4
8. Þú ert hreinskálin, heilurleg og ótilgerðarleg 0 1 2 3 4
9. Þú ert umborðarýnd og hjálplús, sést eitthvað gott í eða getur sýnt áhuga jafnvel fyrir því, sem er óskilt því, er þú átt að venjast 0 1 2 3 4
10. Þú ert í fyllsta mæli kvenleg 0 1 2 3 4

Leggðu nú saman. Þú getur ekki búið við að fá 40 stig, en ef þú færð inná við 30, er þér tildegt að gera alvarlegar niðstafanir til að bæta þig, ef þú hugsar þér að öðlast ást manns – og varðveita hana.

Hefðir þú verið verðug ástar samkvæmt þessum fimmtíu ára gömlu prófum?

MYND/TÍMARIT.IS

orð eða kyssa hann, þegar aðrir eru viðstaddir.

7. Verið ekki afbrýðisamar, þó að hann hafi skemmt sér við að spjalla við aðra konu en yður.

8. Látið engan snerta á eignum hans. Það er það versta, sem mannum er gert, ef hann getur ekki haft sitt í friði.

9. Talið aldrei of mikið eða of hátt um kosti annarra manna í návist manns yðar.

10. Dáizt oft að dugnaði hans og hæfileikum.

Ekki verða of feit

Rúmlega áratug síðar höfðu kröfurnar til eigin-

kvenna lítið breyst. Lesandi Mánudagsblaðsins sendi árið 1950 inn sjö „gullvæg heilræði fyrir giftar konur“:

1. Temdu þér að nota kímniáfu þína. Þú munt oft þurfa á henni að halda ef þú hefir hugsað þér að búa í stormlitlu hjónabandi fram að gullbrúðkaupi.

2. Gættu þess vel að eiginmaðurinn missi ekki áhugann á þér. Vertu honum eiginkona, móðir, unnusta og ástmey. Ef þú ekki gerir það muntu komast að raun um að ýmsar aðrar konur eru reiðubúnar að taka af þér ómakið.

3. Taktu á móti manni þínum með sólskinsbros á vörum þegar

hann kemur heim. Forðastu sem heitan eldinn að hrella hann strax og hann er kominn inn úr dyrunum með langdregnum frásögnum af hinum ýmsu smáatvikum sem orðið hafa til að ergja þig yfir daginn.

4. Talaðu aldrei lítilsvirðandi um útlit eða klæðaburð annarrar konu. Eiginmaður þinn er þá vis til með að taka upp hanzkann fyrir hana – og þá verður þú bara ergileg og afbrýðisöm. Og byrjar eitt rífrildið enn.

5. Gættu þess að verða ekki of feit. Eiginmenn eins og aðrir menn, vilja hafa sínar elskanlegu með straumlinusniði.

6. Reyndu ekki að breyta mann-



Luxaflex®



Luxaflex®
Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með Luxaflex Power View. Komdu við í sýningarsal okkar að Víkurhvarfi 2 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á www.zenus.is.

ZENUS | Víkurhvarfi 2 | 203 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is

ZENUS

Fjölskyldu SÓTTKVISS

FYRIR FULLORÐNA



MYND/STEFÁN

1 Hvaða ár var Unnur Birna kosin ungfrú Heimur?

- a) 2003 c) 2005
b) 2006 d) 2008



MYND/M. FLOVENT

2 Aðstoðarmaður hvaða ráðherra er Sigtryggur Magnason rithöfundur?

- a) Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra.
b) Sigurðar Inga Jóhannessonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
c) Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra
d) Þórdísar Kolbrúnar Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

3 Hvaða fjall var listmálaranum Stórval hugleikið og birtist oft í verkum hans?

- a) Esjan c) Hekla
b) Herðubreið d) Búlandstindur



MYND/GETTY

4 Leikarinn Leonardo DiCaprio var fyrst tilnefndur til Óskarverðlauna fyrir leik sinn í myndinni What's eating Gilbert Grape. Það var svo ekki fyrr en mörgum tilnefningum og árum síðar sem hann loks hlaut verðlaunin. Fyrir hvaða mynd var það?

- a) The Departed c) The Revenant
b) Django Unchained d) The Wolf of Wall Street

5 Hvaða pláneta er næst sólinni?

- a) Venus c) Úranus
b) Merkúr d) Júpíter

6 Gengið var frá dýrasta skilnaði sögunnar þegar Jeff Bezos, eigandi Amazon-samsteypunnar, skildi við eiginkonu sína MacKenzie. Stuttu síðar tók hann upp samband við nýja konu, Lauren Sanchez, við hvað starfar hún?

- a) Golfkennari
b) Sjónvarpskynnir og þyrflugmaður
c) Læknir og fyrirsæta
d) Lögfræðingur stjarnanna



7 Undir hvaða nafni var tónlistarmaðurinn Yusuf Islam áður þekktur?

- a) Freddie Mercury c) Slash
b) Prince d) Cat Stevens



MYND/ERNIR

8 Á horni hvaða tveggja gatna er skemmtistaðurinn Prikið?

- a) Laugavegs og Skólavörðustígs c) Laugavegs og Kapparstígs
b) Laugavegs og Ingólfsstrætis d) Bankastrætis og Ingólfsstrætis

9 Hver er höfuðborg New York-fylkis?

- a) Albany
b) New York
c) Buffalo



MYND/SKJÁSKOT

10 Hann minnkaði börnin í vinsælli gamanmynd frá árinu 1989. Hann var einn vinsælasti gamanleikarinn í heiminum en ákvað svo að yfirgefa bransann til að sinna fjölskyldu sinni betur í ljósi þess að eiginkona hans veiktist alvarlega. Hver er leikarinn?

- a) John Ritter c) Rick Moranis
b) Chevy Chase d) John Candy

Það hefur aldrei verið mikilvægara að skemmta sér heima. Því lengra sem líður á þessa sérlegu COVID-tíma verður sífellt erfiðara að finna lekka afþreyingu heima fyrir. Ekki örvænta! Hin fullkomna fjölskylduskemmtun er hér, spurningakeppni sem allir eiga séns í. Ekki gleyma að finna til verðlaun!



FYRIR BÖRN OG UNGLINGA



MYND/ERNIR

1 Hvers son er forseti Íslands, Guðni Th.?

- a) Jóhannesson
- b) Jónsson
- c) Guðmundsson
- d) Einarsson



MYND/VALLI

3 Í hvaða sjónvarpsþáttum hóf Auðunn Blöndal feril sinn sem skemmtikraftur?

- a) Svínasúpunni
- b) 70 mínútum
- c) Tekinn
- d) Strákunum

4 Hvað heitir aðalkarakterinn í tölvuleikjunum Minecraft?

- a) Troy
- b) Steve
- c) Tom
- d) Pete



2 Hvert er hæsta fjall landsins?

- a) Ingólfssjall
- b) Esjan
- c) Hvannadalshnjúkur
- d) Kaldbakur



MYND/ERNIR

5 Hvaða ár var Vigdís Finnbogadóttir, fyrsti lýðræðislega kjörni kvenkyns þjóðarleiðtogi í heimi, kosin forseti Íslands í fyrsta sinn?

- a) 1968
- b) 1980
- c) 1990
- d) 1995

6 Frá hvaða landi kemur parmesan-ostur upprunalega?

- a) Ítalíu
- b) Spáni
- c) Frakklandi
- d) Austurríki



MYND/ANTON BRINK

7 Hvað heitir nýjasta plata Emmsjé Gauta?

- a) Svekkur og sár
- b) Bleikt ský
- c) Beint úr Breiðholti
- d) Alltaf brattur

8 Í hvaða borg fer Eurovision fram eftir ár, ef allt fer að óskum?

- a) Lundi í Svíþjóð
- b) Edinborg í Skotlandi
- c) Istanbúl í Tyrklandi
- d) Rotterdam í Hollandi

9 Hver er Friðrik Jóhann Róbertsson betur þekktur sem?

- a) Herra Hnetusmjör
- b) Joey Christ
- c) Séra Bjössí
- d) Flóni

10 Hvað kostar ein ferð í strætó fyrir börn og ungmenni, yngri en 17 ára?

- a) 200 krónur
- b) 240 krónur
- c) 400 krónur
- d) 280 krónur

Una í eldhúsinu



MYNDIR/AÐSENDAR

Una Guðmundsdóttir, matgæðingur DV, skellir hér í freistandi veislu sem sannarlega breytir súld í sigur. Ekki skemmir heimabakaða naan-brauðið fyrir en hugrakkir geta jafnvel lagt í að fylla það sé fólk í flippstuði. Svo má frysta brauðið nýbakað.

Kókos-chilli kjúklingur

Hérna kemur uppskrift að dá-samlegum kjúklingarétti, heima-gerðu naan-brauði og ferskri jógurtsósu. Mér finnst þessi réttur alveg svakalega góður, einfaldur og hvort sem ég er að gera kvöld-mat fyrir fjölskylduna eða fá vini í matarboð klikkar hann ekki og fólk biður iðulega um uppskriftina að þessum rétti.

4 stk. kjúklingabringur
1 stk. laukur
2 msk. kókosolía til steikingar
Salt og pipar
1 tsk. engiferduft
1 tsk. cayennepipar
1 tsk. chillipipar
2 msk. hveiti
400 g kjúklingabaunir mjúkar
2-3 stk. meðalstórar gulrætur

2 stk. selleri
2 msk. hnetusmjör
Handfylli af basilíku
1 dl vatn
400 ml kókosmjólk
2 stk. hvítlauksrif

Byrjið á því að skera kjúklinga-bringurnar niður í bita og steikja þá upp úr kókosolíunni á pönnu í 5 mínútur.

Skerið smátt niður lauk og hvít-lauk og steikið ásamt kjúklingnum í nokkrar mínútur.

Kryddið kjúklinginn á pönnunni með cayenne, chilli, engifer, salti og pipar. Steikið áfram uns kjúklingurinn er gegnsteiktur en varist að ofelda.

Bætið hveiti varlega yfir kjúklinginn og hrærið vel saman við með sleif.

Takið rifjárn og rífið gulræturnar niður, skerið selleri í litla bita og skerið basilíkuna niður og setjið út á pönnuna.

Því næst er kókosmjólkinni, vatninu og kjúklingabaununum bætt saman við kjúklingablönduna og öllu leyft að mallast vel saman í um 20 mínútur við vægan hita.

Að lokum er hnetusmjörinu bætt saman við og því leyft að hitna og blandast vel við.

Berist fram með til dæmis hrís-grjónum, naan-brauði og góðri jógurtsósu.



Meðlæti

Jógurtsósa
1 dós hrein jógúrt
½ gúrka, smátt skorin
Salt og pipar
Kóríander skorið smátt niður

Öllu blandað saman og saltað og piprað að vild. Best að geyma sósunu í kæli áður en hún er borin fram.

Naan-brauð
1,5 dl volgt vatn
2 tsk. þurrger
3,5 dl hveiti
1 tsk. salt
2 msk. ólífuolía
2 msk. hrein jógúrt
Gróft sjávarsalt

Byrjið á að blanda vatni, þurrgeri og salti saman í skál, setjið rakt

viskastykki yfir skálina og látið standa í um 10-15 mínútur.

Bætið hveiti, ólífuolíu og jógúrt saman við blönduna og hnoðið saman í skál, setjið aftur rakt viskastykki yfir skálina og leyfið deiginu að hefa sig í um 30 mínútur.

Skriptið deiginu í 4-6 bita eftir því hversu mörg eða stór brauð þið viljið. Fletjið deigið út, mér finnst best að nota hendurnar til þess en auðvitað má líka nota kökukefli.

Setjið smá smjör á pönnu og steikið brauðin upp úr smjörinu, gott að steikja hvora hlið í um 3-4 mínútur við miðlungshita. Ég strái svo grófu salti yfir brauðin þegar ég tek þau af pönnunni.

Bakaði næstum daglega í byrjun COVID

Pattra Sriyanonge notar örsjaldan uppskriftir og elskar að prófa sig áfram í eldhúsinu. Hún borðar allt sem hugurinn girnist sem er vægast sagt fjölbreytilegt. Hvað ætli hún borði á venjulegum degi?

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Pattra Sriyanonge býr í Izmir, Tyrklandi, ásamt eiginmanni sínum, Theódóri Elmari Bjarnasyni, og syni þeirra, Atlasi Aroni.

„Lífið þessa stundina er mjög óhefðbundið miðað við það sem við erum vön á Íslandi. Eiginmaðurinn minn er atvinnumaður í fótbolta og vinnustundirnar hans geta verið ansi langar þar sem hann þarf að keyra í tvær klukkustundir á dag til þess að komast til og frá vinnu. Ég er því um þessar mundir heimavinnandi húsmóðir og er mikið ein með strákinn okkar sem náði sirka þremur mánuðum á tyrkneskum leikskóla áður en öllu var skellt í lás vegna COVID,“ segir Pattra.

„Dagarnir okkar geta verið afar margslungnir en við erum svo heppin að búa akkúrat núna á mjög skemmtilegum slóðum og því nóg að hafa fyrir stafni ásamt því að sinna öllu heimilisstarfi og eldamennsku.“

Alæta

Síðan Pattra man eftir sér hefur hún borðað allt sem hugurinn girnist. „Sem er vægast sagt fjölbreytilegt. Ég er algjör alæta og trúi því að allt sé gott í hófi,“ segir hún.

„Ég er undir asískum áhrifum sökum uppruna míns og þó að eldamennska mín sé býsna fjölbreytileg þá á ég það til að sækja í asísk hráefni. Ég er mjög hrifin af bragðsterkum og framandi mat.“

Elskar að elda

Pöttru leiðist ekki að elda og hún hefur sérstaka tilfinningu þegar kemur að því að blanda saman kryddum.

„Eldhúsið er tvímælalaust sá staður sem ég eyði hvað mestum tíma á, á heimilinu. Ég elska að elda og hef virkilega gaman af því að prófa mig áfram í eldhúsinu. Nota örsjaldan uppskriftir en ef það kemur fyrir þá breyti ég og smakka til eftir mínu höfði. Hef heyrt að ég sé með góða tilfinningu fyrir kryddblöndu sem gerir mig að ágætis áhugakokki,“ segir hún.



Pattra er hrifin af bragðsterkum og framandi mat.

MYND/ANTON BRINK

Matseðill Pöttru

Morgunmatur

Ég er mikil eggjakona og fæ mér oft egg á morgnana í alls kyns formi. Omilettta er klassísk á mínu heimili, þá er öllu grænmetinu í ísskápnunum skellt á pönnuna og jafnvel afgangi próteini frá kvöldinu áður.

Millimál nr. 1

Þar sem ég borða oftast stóran morgunverð þá verð ég ekki svöng aftur þar til um hádegi. Þrátt fyrir það þá er ég algjör nartari og mjög líkleg til að grípa í hnetur eða ávexti.

Hádegismatur

Á þessum tímamarki erum ég og Atlas Aron, sonur minn, oftast ein í mat. Þá þæli ég mest í að koma einhverju næringarríku ofan í hann. Bakaður lax með spergil-káli, steikt hrísgrjón með laxi og grænmeti eða laxapasta er í upphaldi hjá okkur mæðginum. Ef við erum á ferðinni og stödd á veitingastað þá panta ég eitthvað í þessum dúr fyrir okkur bæði. Við eigum það sameiginlegt að elska fiskmeti.

Millimál nr. 2

Rískaka með rjómaosti, gúrku, ólífulíu, salti og chilliflögum. Fer reyndar eftir því hversu mikið ég borðaði í hádeginu. Ég borða ekki í svakalegu magni í einu en er sísvöng og narta mikið yfir daginn. Síðdegisbollinn er líka vinsæll og einn súkkulaðibiti eða einhvers konar gúmmelaði með.

Kvöldmatur

Maðurinn minn mætir heim glorsoltinn eftir æfingu og þá elda ég gjarnan kvöldmat með asisku ívafi, til dæmis hans uppáhalds rétt; taílenskt salat með nautakjöti eða risarækjum og sterkri dressingu. Hendi svo í sjö mínútna hveitilausa blautu súkkul-aðiköku ef ég er í stuði.

„Ég er algjör alæta og trúi því að allt sé gott í hófi.“

Uppáhalds máltíð

„Brönsinn eða dögurður hefur alltaf verið í miklu upphaldi, svo víðtækur og djúsi. Á meðan COVID-ástandið hér í Tyrklandi stóð sem hæst og við vorum í hálfgerðu stofufangelsi í tólf vikur þá bakaði ég næstum því daglega. Ég hef ekki verið mikið fyrir bakstur í gegnum tíðina sökum uppskrifta-fóbíu en það var æðislegt dunda sér við þetta með 3 ára syni mínum. Við bökuðum allt á milli himins og jarðar til þess að láta tímann líða og brönsarnir voru extra veglegir hjá mér á þessum tíma sem útskýrir kannski kílóaukninguna á heimilinu,“ segir Pattra. ■

Morgunverðar-tortillapítsa

Heilhevitortilla

Pítsusósa* eða rautt pestó

Mér finnst heimatilbúnar sósar langbestar en hér er klárlega hægt að fara auðveldari leiðir.

Rifinn mozarellaostur

Hráskinka má sleppa

Aspas

4 egg

Þurrkað óreganó

Leggið tortillapönnuköku á pönnu eða plötu sem má fara inn í ofn.

Makið pítsusósu yfir pönnukökuna og stráðið svo osti ofan á, því næst hráskinku og aspas-strímlum.

Næsta skrefið er að gera pláss fyrir eggin en mér finnst best að gera einhvers konar hreiður með aspasinum og skinkunni. Komið svo eggjunum vel fyrir.

Stráðið þurrkaðu óreganó yfir og bak-ið í ofninum við 185 gráður, undir- og



MYND/ADSEND

yfirhita í sirka 8-15 mín. Það fer eftir því hvernig þið viljið hafa eggjarauðurnar eldaðar.

Þessi uppskrift er mjög einföld og hægt að hafa þennan rétt sem morgunmat, í brönsinn eða jafnvel hádegisverð. Slær alltaf í gegn!

*Auðveld heimatilbúin pítsusósa
½ dós hakkaðir tómatar
1 ferna tómata-paste

Salt, svartur pipar

Cayenne-pipar


Þurrkað óreganó

Basilíka

Teskeið af hvítlauks- og laukdufti

Smá skvettu af hunangi

Öllu blandað vel saman með handaflí eða í matvinnsluvél. Cayenne-pipar og þurrkað óreganó og basilíka eftir smekk.




Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum



Eigum f órar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 62.000 kr.



*Sjáðu úrvalið á goddi.is
Infrared saunur ásamt
viðarkyntum pottum*



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina

í Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesanda sem hélt framhá og barnaði hjákonuna.

Sérfræðingur svarar



HJÁKONAN VARÐ ÓLÉTT EFTIR MIG

Blessuð. Ég hélt framhá konunni minni. Hún veit af því og hefur ákveðið að fyrirgefa mér og vinna með mér í hjónabandinu. Hins vegar kom það á daginn að konan sem ég hélt framhá með varð ólétt eftir mig. Konan mín vill ekki að ég eigi í samskiptum við hina konuna og barnið. Áætlunin er því að ég gangist við barninu og greiði meðlag en ekkert umfram það. Hins vegar er ég að fá bakþanka. Þetta er jú mitt barn sem það ekki um að fæðast í þessar aðstæður. Er einhver leið fyrir mig að geta tekið þátt í lífi þessa barns, án þess að það rústi hjónabandinu mínu? Kveðja, Nafnlaus.

Sæll, Nafnlaus

Ég skal trúá því að þessi staða taki á tilfinningalífið, kallinn minn. Þarna stangast á tilfinningar af andstæðum toga, annars vegar sterk skilyrðislaus ást til barns og hins vegar samviskubit og djúp ástarsár.

Ef það á að takast vel til að vinna úr framhjáaldi er paravinna mikilvæg forsenda. Í raun þarf parið að finna sínar leiðir til þess að læra að lifa saman á nýjan leik, nú með erfiða og sára reynslu í bakpokanum. Aftur á móti getur slík vinna skilað parinu jákvæðum árangri svo sem auknu trausti, opin-skáum samskiptum og meiri virðingu fyrir sambandinu.

Flest sem ekki hafa upplifað framhjáald halda því fram að þau myndu ekki „láta bjóða sér“ framhjáald. Sú yfirlýsing byggir yfirleitt á rökhusun. Það er þó mín reynsla af vinnu með þörum að fólk sem upplifir framhjáald leitast í mörgum tilfellum leiða til þess að geta haldið sambandinu áfram. Sú ákvörðun byggir yfirleitt á tilfinningum. Stundum tekst sú vinna vel, stundum endar hún í skilnaði en margir finna hjá sér löngun til þess að láta á sambandið reyna þrátt fyrir svik.

Flóknar tilfinningar

Við skiljum vafalaust bæði að konan þín er gríðarlega sár og bataferlið mun kalla á vinnu og tíma. Þar mæli ég með ytri, faglegru aðstoð fyrir ykkur bæði. Ég get



MYND/GETTY

Barnið þitt á ekki að þurfa að gjalda fyrir það við hvernig aðstæður það kom undir.

einnig ímyndað mér að barnsmóðir þín sé í erfiðri stöðu, að glíma við flóknar tilfinningar líkt og þú sjálfur. Meðlagsgreiðslur eru vissulega ábyrgðarhluti sem ég heyrir að þú ætlar ekki að skorast undan en foreldrahlutverkið kallar á svo margt annað sem ég myndi velja verulega fyrir mér hvort þú sért tilbúinn til

að fara á mis við. Þá er það mikilvægasta ósagt, það er, að barnið ykkar á rétt á að kynnast uppruna sínum og það væri mikill missir fyrir bæði þig og það að vegna aðstæðna farið þið á mis við hvort annað, ekki rétt?

Fjölskyldufræðin fjalla um mismunandi fjölskyldukerfi og mikilvægi þess

að greina vel á milli kerfa. Hér ert þú að leggja fram spurningu sem tengist annars vegar foreldrakerfi og hins vegar parakerfi. Við tölum um klesst tengsl þegar mörkin milli kerfa eru óskýr og það eru ekki endilega merki um örugg og góð tengsl. Sem dæmi má nefna þegar börnun er blandað inn í rifrildi foreldra sinna. Þá er barnakerfið að blandast inn í mál foreldrakerfisins sem passar illa. Kerfin sem þú tilheyrir skarast að því leyti að parakerfið stendur í vegi fyrir foreldrakerfinu. Þarna þarftu mögulega að skýra mörkin og forgangsráða, hvort er þér mikilvægara og þarf annað endilega að útiloka hitt?

Ást barna er skilyrðislaus

Ég get því miður ekki sagt þér hvað þú eigir að gera en ég mæli með því að þú ræðir þessi mál við einhvern þér nákominn, t.d. vin eða systkini og fái smá speglun frá aðila sem þekkir vel til þín og þykir vænt um þig. Einnig gæti verið gott að fá aðstoð

fagaðila til að velja með þér nokkrum steinum í tengslum við þetta stóra mál. Mögulega hafa þér yfirsést möguleikar sem allir geta verið sáttir við.

Að lokum, nú veit ég ekki hvort þú átt barn fyrir og hafir fengið að kynnast skilyrðislausri ást til barns, en það er mikilvægt að átta sig á því að ást til maka og ást til barns er ólík ást. Barnið þitt á ekki að þurfa að gjalda fyrir það við hvernig aðstæður það kom undir og ást þín til konunnar þinnar þarf ekki að breytast þó þú fái að kynnast og elska barnið þitt.

Ég vona að svarið mitt hafi hjálpað þér og þú endurskoðir málið með hag ykkar allra fyrir brjósti. Það er alveg hægt og ég hef mikla trú á þér með það! ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: hjonabandssaela@gmail.com.

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

HELGAR KROSSGÁTAN



	NARRA	INN-KÖLLUN HNETA		ÁNÆGJU HREMMA	FRUMEFNI	Á NÝ	
AÐGÆTA							PVERRA
DÖKK							
				FÝLA			
HRYGGUR				VÍN	1		
GEYSAST				SKART			
DÓTARÍ					ÓÐAGOT		
					FUGL		
	TOGVINDA ÆÐRI	GÆLU- NAFN FÆÐI			KISA Í RÖÐ		
MÆLI-EINING			7	HLJÓÐ- FÆRI	GILDUR AFBRAGÐS		KÆR- LEIKUR
MISTAKAST				LÍKUM			SNÆÐ- INGUR
				RÝR			EYÐA
SKIL- VEGGUR		SAM- SETNING GÆTA			ÞAKBRÚN REFSA		MULDRA
TVEIR EINS ÆÐA		SKÍFA RÉTT	4		FLJÓTT ÁSTAND		
				ÆRSL KVÖRTUN		RÝJA STAFUR	
	ORG KOMAST				ÓGJARNA RÚMT		
HUGSYNN				BRYNNA SNOTUR		3	KÁSSA
ÝTARLEGA				LANGAN LAGNI		SKÓLI GEGNA	
ÍPRÓTT	TEYMA	TIL- SLÖKUN	SNÍKJUDÝR STJAKA	5		LAUT	TVEIR EINS RUNNI
				FRÆND- BÁLKUR			
BLETTIR LOTA					ORÐFIMI GILDING		2
				RUSL	DEYFÐ HLJÓTA		SJÚK- DÓMUR
RÖST			FJÖRUGUR				TVEIR EINS
DANS				STEFNA	6		SÉRDEILIS

SU DO KU

Lausnaröð þessarar helgarkrossgátu er:

				8	
6		5	1	9	
5		3		7	
3				2	4
		9	1	3	7
		5			
3				1	
7	4			2	6
			2	4	

3	8				1
5		9			7
			4	5	
	7	3		8	
9			5	1	
		1	2		7
		1			7
		4		6	
		9			2

Lausn síðustu helgarkrossgátu

				T	K		
			S	K	O	R	T
			P	V	E	R	Ó
			E	F	F	F	I
			F	L	Æ	K	L
			S	N	A	R	S
			B	A	U	J	A
			A	F	N	Á	M
			O	R	R	I	B
			D	E	G	A	U
			R	A	K	U	R
			G	F	E	L	A
			A	L	S	I	D
			F	L	I	P	I
			Ú	N	A	P	U
			Ó	S	Ó	M	I
			T	U	N	G	U
			S	A	N	N	U
			V	E	L	D	I
			F	Ú	I	A	F



FORLAGIÐ

Verðlaunahafi síðustu
helgarkrossgátuHörður Pálmarsson,
Reykjavík.Rétt svar við gátu vikunnar
skal senda á krossgata@dv.is
ásamt nafni, símanúmeri og
heimilisfangi.Verðlaun fyrir rétt svar er
bókin Dimmuborgir eftir
Óttar Norðfjörð.

Bókmenntarýnirinn Elmar Arnarsson er búinn að loka sig af með kettinum sínum, stafla af jólabókum og kaffi í líturvís þegar honum berast óvænt nýjar upplýsingar um andlát besta vinar síns 25 árum fyrr. Elmar hefur alla tíð verið sannfærður um að Felix hafi verið myrtur og nú verður hann heltekinn af því að komast að sannleikanum. En leitin að honum á eftir að snúa tilveru þessa hlédraega manns gjörsamlega á hvolf.

Skáldsögur Óttars Norðfjörð hafa komið út víða erlendis og hlotið góðar viðtökur. Óttar skrifar auk þess sjónvarps- og kvikmyndahandrit, og er aðalhöfundur Brots, fyrstu íslensku sjónvarpsþáttaraðarinnar sem framleidd er af Netflix og sýnd um allan heim. Dimmuborgir er tíunda skáldsaga hans.

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

	8	5	1			7	9	
3	7		8	9	2		5	1
6				3	7		2	5
8	1		9	5				7
5	3		2	4	6		8	9
	6	4			8	5	7	

STAFARUGL

Leynigesturinn í síðasta stafarugli var **FLUGELDAR**, sem hljóta að fá að vera á sínum stað á gamlárskvöld hvort sem tveggja metra reglan verður ennþá við lýði eða takmarkanir á því hve margir megi safnast saman. Það bara hlýtur að vera, eitthvað verður að fá að vera á sínum stað hvað sem tautar og raular. Engin verslunarmannahelgi þetta árið og kannski engin gamlársböll, hver veit, en flugeldarnir hljóta að sleppa fyrir horn.

ekkert tengjast því, bara samtíningur héðan og þaðan til að gleyma sér í.

En núna minnr landið okkar á sig með jarðskjálftum og haustveðri. Hvort sem er kóf eða ekkert kóf þá hefur það engin áhrif á okkar ástkæru eyju úti í ballarhafi né árstíðabundið veðurfar og þetta skiptið eru því orðin í þessu stafarugli því tengt. Hér er 20 orða orðasúpa, 19 gefin upp eins og venjulega og það tuttugasta, leynigesturinn, er það sem ævinlega kemur upp í huga fólks á haustin og þegar veturinn fer að minna á sig.

Í síðasta stafarugli þar sem allir eru búnir að fá nóg af þessu kófi var stafaruglið orð úr ýmsum átum sem

haustlægð skólahald aursletta Kleifarvatn	vetrarhíði jarðhræringar gluggaveður dumbungur	sláturtíð Reykjanesskagi slydda haustsólskin	berjatínsla réttir vertíð snjóbuxur	vetrardekk sultugerð sumarauki
---	--	--	-------------------------------------	--------------------------------

AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10
11						12				
13						14				
15						16				
17				18					19	
			20			21	22			
23	24	25		26	27			28	29	30
31			32					33		
34								35		
36								37		
38								39		

- LÁRÉTT**
- got
 - skýli
 - snúa heyi
 - mýking
 - skortur
 - slappur
 - stig
 - ríki í afríku
 - hópast
 - áfengi
 - frá
- LÓDRÉTT**
- gláður
 - smámjaka
 - ofmat
 - fúslega
 - átt
 - félagsskapur
 - köttur
 - hvíld
 - fugl
 - út
 - snikjudýr
12. hrekja
22. aðalsmaður
23. prang
24. svikja
25. kærleiks
27. ránfugl
28. drykkjarlát
29. þæfingur
30. tágarlát
32. leikur
37. átt

G Á E Ú I A F U J J G B S Þ M B O G O R R É Ó D J Ú A I A Ý
T E X F I I J D D X N U N G F Á Á O Ú E É Þ M E G K K O G Ú
X D F Ó Í M S U L T U G E R Þ V V H S Ú T Y E D L Y A Ó U V
A J T G T Ú X A J D B F Ý Þ A A X G É I T G I R V H J M Í M
O O Ó Í É F H D U J K Ó Ú P O U P P Á T I N N Y X Á O I Þ S
M P X S P B Í F R Þ Ú Ó X S B H R E X S R Ú J I É Ó A V S I
Á Ú J Á A I X D Ý U Þ F Ý H Þ S F S T N J K F U R A G G Á L
R X É H A U S T S Ó L S K I N K L D L S X G Ó N S Ý É Þ T I
Þ Á T Ó Í Y G Þ R N L L S D V X K N I E J S I S Ú Ý V Þ L N
Á P S É O Y F U Ó Ú H Ú Ú F T I Þ Á B H T N R G J Þ X L B Y
Ú H Á D I Ó X S H G M F E U M Ú K N G H P T O T T V G H S K
H Á Í N E U R N Ú Ý U N Í X T F U X Á P B O A Á K B L Y J N
F K Í O B Ú Ú Þ A A É N N Á Á F Ó Þ G L É K X F R Y J Þ T P
R N É Ó M M Í L I X G K Ú B Ú U U Þ Ú N N O B É L Ó A Á S Y
É Ú J G E K X X D K I M U I Y T T N Ó T A I D V T Ú Y T T É
B N Y I K Ó Y S Í O Y E N E K P N L Í É Y E Ú P E K B Ó F Á
S U Á S G B X T H A U S T L Æ G Þ Á Ú Í K M Í Þ Þ R Y Ý É Ú
S H O D O N Ú Í I F U M X F F K V F M Í D M É G R Í T Ó L E
B F T Í Þ F Ú A T R Y Ó E U Ý Y P T Ú N I E Á G T A E Í B G
A U X N É X Þ Ú Ý E R G Á Ú Þ H Á Ý J H V E T R A R H Í Þ I
E J K Ú D D K Y Á F U S E J T L H A Í D S É L J Y É Í X É M
X D U M B U N G U R J F D A J Þ Ó M F U S E X B N M X D Á O
B K X Y Í L F U F Í T Í J R Á R I J Ú Ú F M T S E Ý P B Ó S
S L R I D L Ó Y R H L H P Þ T T L L O Ú I Á G D Ú A F Ý P Ó
H E B X Y R A N V Y A Y H H P S H T Ó U H S T E S Á D Þ B Ú
V I K Ú Y V S É J Ó F K X R F I R E Y K J A N E S S K A G I
E F P H O U U V J G X P P Æ R U Y S J Ó F T Þ J T I J U É S
S A F J Ú Í M Ú J Ó P Ú Í R Þ F B J B L O E K J Y T É J R Þ
Í R S Ý J B A M M M K Ý G I K E D Á A V E K Ó Þ H H M O G É
É V E J P E R G Í H I B K N O Í I L Ó R E Ú S U G L V N L X
E A H P L S A F I R B R Ú G Ý M S D G D I U V L P M Y M U E
V T U H Y Ú U Ú J L G P A A Ý N R B R Ú S L F E Y O I B G É
M N B S Ý Í K K Á L Ú R Ý R Í M V A Ý U Ý K Þ T Á D F P G Þ
Y Í Á D A Á I F Ó K A Y F T S Þ R Á O Þ T E Ó E Ý F D Þ A Þ
U V Ý L K B P Ý P T O S A B Y T L O Ú É H Ý Á L A Y I A V R
S Ú Á E O J L P N H Ó J H Ý E F T O Ó X D O F M A A Ó A E Ý
G A X Á L U T T Ú A R E I V B Ý V P R X F O É R P H X E Þ O
J X P Á J F Ú K R E É E S L O Í U S Y V B K S A A V A U U K
E Y I B G Ý N F B Þ É O B Ó Y S L Á T U R T Í Þ É B E L R Ú
K P Y Á O V D Ú I N A I T E O Ú K É T K Y M Ó D S Á J O D R

FYRSTU ÁRIN

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um fyrstu ár barnsins kemur út miðvikudaginn 16. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

Klæðist alltaf skærum litum og gengur skóna ekki til sjálf

Það eru tvær góðar og gildar ástæður fyrir því að Elísabet Bretadrottning klæðist alltaf einum skærum lit frá toppi til táar. En hún þarf að hafa fleiri reglur í huga.

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Litríkar dragtir Elísabetar Bretadrottningar eru ekki bara fallegar, heldur þjóna þær mikilvægum tilgangi. Það eru tvær ástæður fyrir því að drottningin klæðist svona skærum fatnaði og toppar hann með hatt í stíl. Hún gerir það til að tryggja að almenningur eigi möguleika á að sjá hana í mannmergðinni samkvæmt tengdadóttur drottningarinnar, Sophie greifynju af Wessex. „Hún þarf að vekja athygli svo að fólk geti sagt: „Ég sá drottninguna,“ sagði Sophie í heimildarmyndinni The

Queen at 90. Ef drottningin myndi klæðast dökkum eða grábrúnum litum eins og flestir eiga það til að gera væri mun erfiðara að sjá hana úr fjarlægð.

Samkvæmt ævisöguritara drottningarinnar, Robert Hardman, sagði hún eitt sinn: „Ég gæti aldrei klæðst ljósbrúnu, því þá mundi enginn vita hver ég væri.“

Það er önnur hagnýt ástæða fyrir litavali drottningarinnar. Í Netflix-heimildarmyndinni The Royals, sem kom út árið 2013, útskýrði tískurstjórinn Katherine Ormerod að það snerist um öryggi. Ef eitthvað kemur upp á verður mun auðveldara fyrir öryggis-teymi hennar að koma auga á hana. ■



Drottningin fer ekki fram hjá neinum í þessum litríka klæðnaði.

MYNDIR/GETTY

TÍSKUREGLUR KONUNGSFJÖLSKYLDUNNAR



LOÐFELDUR ER BANNAÐUR

Á fjórtánda öld bannaði Játvarður II Bretakonungur loðfeldi innan konungsfjölskyldunnar. Það er þó búið að brjóta þessa reglu.

ALLTAF SVART MEÐ Í TÖSKUNA

Þó svo að drottningin elski liti þá þurfa allir meðlimir konungsfjölskyldunnar að pakka niður svörtum fötum í tösku fyrir ferðalög. Þetta er gert til öryggis ef einhver þeirra lætur lífið meðan á ferðinni stendur.

ENGIN MARILYN MONROE-AUGNABLIK

Pils og kjólar eru þyngd að neðan til að koma í veg fyrir að þau fjúki upp í roki.



GENGUR EKKI SJÁLF TIL SKÓNA

Drottningin þarf ekki að hafa fyrir því sjálf að ganga til nýja skó, heldur er hún með einhvern í vinnu sem sér um það fyrir hana. Enda er hún orðin 94 ára gömul og þægindin eru henni efst í huga.

HLUTLAUSAR NEGLUR

Neglur verða að vera snyrtilegar og lakkaðar í hlutlausum lit. Fregnir herma að drottningin hafi notað Essie-naglalakk í litnum Ballet Slippers síðan 1989.

KEMUR Í VEG FYRIR SKJÁLFTA

Veskin koma einnig í veg fyrir að hendurnar skjálfi og þá er einnig eitthvað hægt að gera með hendurnar til að koma í veg fyrir vandræðaleg augnablik.

VESKI YFIR BRJÓSTASKORU

Eitt sniðugasta trixið í bókinni hjá konungsfjölskyldunni er notkun veskins. Þegar konurnar stíga út úr bifreið halda þær veskinu þétt upp að bringu sinni til að koma í veg fyrir að sýna of mikla brjóstaskoru.

ENGINN EIGINMAÐUR, ENGIN SMÁKÓRÓNA

Einhleypar konur og börn mega aldrei nota smákórónur. Þær eru venjulega ætlaðar giftum konum.



SPÁÐ Í... stjörnurnar



LESID Í TAROT Bubbi Morthens

Jákvæður dauði

Bubbi Morthens tónlistarmaður er fæddur í Tvíburamerkinu. Það er fínt að eiga einn Tvíburafélaga, þeir eru svo skemmtilega flippaðir. Þeir koma manni sífellt á óvart, fara aldrei eftir hefðbundnum leiðum eru afar listrænir og með stórt hjarta. Vissulega þarftu að sanna þig smá fyrir þeim en þegar þú ert komin/n inn í innsta hring þá hefur þú fundið tryggan vin fyrir lífstíð.

Dómurinn

Lykilorð: Endalok, breyting, umbreyting, umskipti
Nei, þú ert ekki að fara detta niður dauður, þvert á móti, mögulega ertu í besta formi líkamlega og andlega sem þú hefur verið í lengi. Spilið er ekki eins dramatískt og það hljómar. Það tengist ekki hefðbundnum dauða heldur hamskiptum. Og hver fagnar ekki breytingu? Þetta er tímabil þar sem þú loks sleppir almennilega tökum á því sem heldur aftur af þér. Ákveðin hreinsun mun eiga sér stað til þess að skapa pláss fyrir hið nýja.

Hangandi maður

Lykilorð: Skuggasjálfi, tengsl, takmörkun, tilhneiging
Ef það er einhver töffari sem höndlar að fá Hangandi manninn á eftir Dómnum þá ert það þú. Enn og aftur þá er ekki neitt neikvætt sem fylgir þessi spili. Þau birtast bara hér til þess að leiðbeina þér. Við eigum öll einhvern skugga sem dregur úr okkur og miðað við fyrra spilið þá er verið að minna þig á að sleppa þeim venjum sem þú veist að þjóna engum tilgangi fyrir þig. Hvort sem það eru hugsanir eða jafnvel fólk í lífi manns, þá við vitum alveg hvað það er sem er okkur óhollt. Það sem skiptir máli er að hlusta á það innsæi til þess að við höldum áfram upp á við í hærri víddir.

Sex stafir

Lykilorð: Árangur, viðurkenning almennings, framfarir, sjálfstraust
Þetta spil birtist hjá mönnum sem hafa náð mikilvægum áfanga eða markmiði. Þú ert öruggur, fullviss um sjálfan þig og þína velgengni. Þú hefur vissulega



MYND/ERNIR

Skilaboð frá spákonunni

Þú mátt vera stoltur af vinnu þinni og árangri.



lagt mikið á þig til þess að komast á þennan stað og átt réttilega skilið uppskeru fyrir þína vinnu og framlag. Þegar þetta kort birtist er gott að staldra við og klappa sjálfum sér á bakið. Jákvætt lokaspil sem lofar góðu um nánustu framtíð.

Svona eiga þau saman

Beið í 37 ár

Ástin kviknaði í sumar hjá fegurðardrottningunni og athafnakonunni Manuelu Ósk Harðardóttur og kvikmyndaframleiðandanum Eiði Birgissyni. Manuela varð 37 ára á dögnum og deildi í tilefni þess mynd af sér og Eiði á Instagram. „Ég beið bara í 37 ár eftir fullkomnum afmælisdegi,“ sagði hún. Við ákváðum að skoða hvornig Manuela og Eiður eiga saman ef lítið er til stjörnumerkjanna.

Manuela er Meyja og Eiður er Fiskur. Það er oft talað um að þetta sé besta mögulega pörnin af öllum stjörnumerkjunum. Fiskurinn er hugsjónamaður og á það til að gleyma sér í dagdraumum. Hann er blíður, draumkenndur og finnur til með öðrum. Meyjan er dugnaðarforkur og fylgir nákvæmri rútinu. Hún á það til að fá kvíðakast ef aðeins einn lítill hlutur fer úr skorðum. Pörin þessara merkja er svo fullkomin vegna þess hversu ólík þau eru.

Þau gera hvort annað að betri manneskjum og bæta hvort annað upp. Ef Meyjan og Fiskurinn eru nógu lengi saman til að læra inn á hvort annað og samband sitt, þá gætu þau uppgötvað að ást þeirra sé eina sanna ástin sem þau finna í þessu lífi. ■



MYND/SKJÁSKOT INSTAGRAM

Manuela Ósk Harðardóttir	Eiður Örn Birgisson
29. ágúst 1983	6. mars 1980
Meyja	Fiskur
■ Trygg	■ Ástúðlegur
■ Ljúf	■ Listrænn
■ Vinnusöm	■ Vitur
■ Hagsýn	■ Blíður
■ Feimin	■ Dagdreyminn
■ Of gagnrýnin	■ Treystir of mikið

STJÖRNUSPÁ Vikan 04.09. – 10.09.

Auðveldaðu þér lífið með þessum ráðum...

♈ Hrútur
21.03. – 19.04.

Drifkraftur þinn er aðdáunarverður en þú þarft ekki að vera 100% alla daga. Þú átt það til að setja mikla pressu á þig. Óþarfa pressu sem veldur bara álagi og streitu. Mundu að þú er mannleg/ur og átt skilið að vera fullkomlega ófullkomin/n.

♎ Vog
23.09. – 22.10.

Þín æfing er æðruleysi og að læra að það er ekki þitt hlutverk að láta öllum líða vel. Sumir þurfa að ganga í gegnum ákveðna hluti sjálfir áður en þeir geta náð jafnmiklu jafnvægi og þú vilt að þeir nái.

♏ Naut
20.04. – 20.05.

Að vera þrjósk/ur er ekki alltaf neikvætt, en það gæti haldið aftur af þér. Ef þú reynir að vera aðeins sveigjanlegri þá munu hlutir reynast þér auðveldari. Reyndu að vera opnari fyrir skoðunum annarra. Þannig þróastu og þroskast.

♉ Sporðdreki
23.10. – 21.11.

Halló, dugnaðarforkur! Það kemur vissulega ekkert á óvart að þú þurfir að læra að slaka á. Metnaður er góður en fyrr má nú vera. Hamingjan liggur í því að gefa sjálfum sér frí eftir klukkan fimm suma daga. Ekki taka vinnuna heim alla daga, bara annan hvorn, díll!

♊ Tvíburi
21.05. – 21.06.

Þú átt það til að vera með frestunaráráttu, sem svo veldur þér kvíða. Það er svo margt áhugavert að gerast í hausnum á þér að þú nærð ekki utan um það allt saman. Það er því auðvelt ráð að skrifa lista fyrir hverja viku og setja þér markmið.

♋ Bogmaður
22.11. – 21.12.

Þið Sporðdrekin ættuð að fara reglulega í spa saman. Við sjáum öll hvað þú ert dugleg/ur, það fer ekki á milli mála og þú þarft ekki að sanna það fyrir neinum öðrum en sjálfum þér. Hamingja þín liggur í því að gefa sjálfri/um þér leyfi til að vera nákvæmlega eins og þú ert og treysta ferlinu, þú ert á réttri braut.

♌ Krabbi
22.06. – 22.07.

Nei er mikilvægt orð, elsku Krabballabbi. Lærðu að segja nei og þá mun líf þitt ná miklum framförum. Við vitum að þú vilt alltaf allt fyrir alla gera en stundum ertu að ofgera sjálfum þér. Æfðu tjáningarstöðina með því að syngja hátt!

♍ Steingeit
22.12. – 19.01.

Steingeitin á ekki auðveldast með að tjá sig og skilur ekki af hverju allir skilja ekki hvað hún vill. Hamingja þín gæti falist í því að æfa þig að segja hugsanir þínar upphátt. Byrjaðu á að halda dagbók, þannig kemstu í flæði og nærð tökum á hugsunum þínum og löngunum.

♎ Ljón
23.07. – 22.08.

Ljónið á stundum erfitt með egóíð sitt og það getur flækst fyrir. Annaðhvort of lítið sjálfsálit eða of mikið. Galdurinn er að finna jafnvægi. Þú veist væntanlega hvorum megin þú ert á þeirri línu. Ef það er of mikið skaltu gefa fólkinu þínu meira svigrúm til að blómstra og ef það er of lítið skaltu æfa sjálfsástina.

♏ Vatnsberi
20.01. – 18.02.

Þú ert einstök/stakur. Þú hugsar stórt og vilt bjarga heiminum. Það er þinn lærdómur að vandamál heims eru ekki öll þín að bera. Við vitum að þú vilt vel en kannski er best að einbeita þér að einu góðgerðarmáli í einu, það mun hjálpa þér að líða vel án þess að bugast.

♐ Meyja
23.08. – 22.09.

Meyjan er þekkt fyrir að vera með auga fyrir smáatriðum. Í sumum tilfellum virkar það eins og þráhyggja því allt þarf að vera upp á tíu. Þetta getur vissulega valdið kvíða og því er þín æfing að sleppa tökunum. Jafnvel þótt það sé bara á einu sviði eða að laga ekki eitthvað sem þú hvort sem er varst ekki beðin/n um að laga.

♑ Fiskur
19.02. – 20.03.

Þér finnst gaman að gleyma þér í dagdraumum, ein/n með sjálfum þér. En vissulega búum við í raunheiminum. Þannig að þín æfing er að finna jafnvægi þess á milli. Æfðu þig í að vera félagsleg/ur því það upphefur þig alltaf þegar þú sinnir vinum og fjölskyldu betur.

Máni Snær
Þorláksson
manisnaer@dv.is



Við erum ekki að fá neina innkomu vegna miðasölu og það er auðvitað mikið skarð fyrir skildi. Það er bara eitthvað sem við þurfum að eiga við,“ segir Guðni Bergsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands, í samtali við DV. „Engu að síður er þó nokkuð mikil framkvæmd í kringum leikinn því við erum auðvitað að fara eftir COVID-reglum. Hólfaskipting og ýmislegt fleira er á framkvæmdahlíðinni sem þarf að passa upp á og sinna í núverandi umhverfi, þannig að það er engu að síður umsvifamikið að halda leikinn.“

Nokkrir tugir milljóna

Aðspurður um hversu mikið tekjutapið sé vegna áhorfendabannsins segir Guðni að tapið sé afar mikið. „Það eru nokkrir tugir milljóna, þetta er eitthvað í kringum 40 milljónir eða svo,“ segir hann. „Þetta er auðvitað högg fyrir okkur en hjá því verður ekki komist.“

Guðni segir að þrátt fyrir tekjutapið sé engu að síður mikilvægt að halda sínu striki. „Það þarf að halda þessa leiki því inn í þetta spilstaðu auðvitað sjónvarpstekjur. Það er mikilvægt að þessir leikir fari fram svo tekjur vegna sjónvarpsréttar haldi sér.“

Skrýtin staða

Fæstir af lykilmönnum Íslands verða með gegn Englandi um helgina. Jóhann Berg Guðmundsson, Ragnar Sigurðsson, Alfreð Finnbogason, Rúnar Már Sigurjónsson, Gylfi Þór Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson eru meðal þeirra sem mæta ekki til leiks. Ástæðurnar fyrir fjarveru þessara leikmanna eru misjafnar, sumir eru enn að glíma við meiðsla, aðrir gáfu ekki kost á sér og svo setur kórónuveiran líka strik í reikninginn.

Erik Hamrén, landsliðsþjálfari Íslands, fór yfir þetta á blaðamannafundi fyrir leikinn í síðustu viku. „Þetta er skrýtin staða fyrir alla, þetta eru leikmenn á mismunandi aldri og með mismunandi reynslu. Það eru ekki allir í hópnum sem ég vildi fá, það voru ekki allir í boði,“ sagði Hamrén á blaðamannafundinum.

Ekki sáttur við ákvörðunina

Ragnar Sigurðsson og Rúnar Már Sigurjónsson gátu ekki verið með vegna meiðsla. Ragnar hefur glímt við meiðsla í smá tíma en er byrjaður að æfa aftur. Hamrén taldi þó að það væri best fyrir Ragnar og liðið að hann myndi ekki vera með. Rúnar Már meiddist á kálfa nýlega og er frá í nokkrar vikur vegna þess.

Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði landsliðsins og leik-



Karalandsliðið í knattspyrnu á æfingu á Laugardalsvellinginum í liðinni viku.

MYND/ANTON BRINK

KSÍ MUN TAPA TUGUM MILLJÓNA UM HELGINA

Á morgun fer fram leikur Íslands og Englands í Þjóðadeildinni. Knattspyrnusamband Evrópu hefur bannað áhorfendur. Því verður leikið án áhorfenda um helgina og tapar KSÍ tugum milljóna vegna þess.

„Þetta er auðvitað högg fyrir okkur en hjá því verður ekki komist.“

maður Al-Arabi í Katar, vildi spila leikinn. Nýjar reglur FIFA vegna kórónuveirunnar gefa félögum það vald að banna leikmönnum að mæta

í landsleiki. Al-Arabi ákvað að nýta sér þessar reglur og banna Aroni að mæta.

Þeir Alfreð Finnbogason, Jóhann Berg Guðmunds-

son og Gylfi Þór Sigurðsson verða ekki með í leiknum þar sem þeir ákváðu að gefa ekki kost á sér í landsliðið. Á blaðamannafundinum sagði Hamrén að hann væri ekki sáttur við þessa ákvörðun. „En ég verð að taka þessu. Ég neyði leikmenn ekki til að koma og spila. Við munum sakna þessara leikmanna. Ég átti ekki von á þessu,“ sagði Hamrén. Þá vildi hann ekki ræða ástæðurnar sem þessir leikmenn gáfu upp. „Ef ég sé það með þeirra augum þá skil ég þetta en ef ég set upp liðsgleraugun, þá er ég ekki sáttur við þessa ákvörðun.“

Við verðum bara að sætta okkur við það

„Aðstæður þeirra eru erfiðar og við höfum vissan skilning á aðstæðum,“ segir Guðni um

fjarveru þessara lykilmanna. „Að sjálfsögðu vildum við að þeir hefðu gefið kost á sér en aðstæðurnar eru eins og þær eru. Þeir ákváðu að gefa ekki kost á sér að þessu sinni og þar bara við situr, við verðum bara að sætta okkur við það og halda áfram.“

Guðni segir að þrátt fyrir að það vanti þessa leikmenn í hópinn hafi það líka einhverjar jákvæðar afleiðingar, aðrir í hópnum fái tækifæri til að láta ljós sitt skína. „Ég meina, við verðum ellefu á móti ellefu. Auðvitað vildum við vera með okkar sterkasta hóp en maður verður bara að koma í manns stað,“ segir hann. „Maður ætlast til þess og vonast eftir því að strákarnir komi fullir elju og með baráttuhug í leikinn þannig að þetta verði bara hörkuleikur.“ ■



LEAGUE **A** GROUP 2



ÍSLAND

VS.



ENGLAND

LAUGARDAG ♦ 15:00
LAUGARDALSVÖLLUR

Í OPINNI
DAGSKRÁ



VÍKING
BRUGGHÚS

100
NS



SAND KORN



Blaðamannablæti

Fjölmiðlakonan Snærós Sindradóttir er dóttir lögfræðingsins og þingkonunnar Helgu Völu Helgadóttur. Snærós hefur ekki langt að sækja framkomuhæfileika sína en mamma hennar er einnig menntuð leikkona og starfaði um árabíl sem blaðakona meðal annars á Mannlífi. Snærós hefur verið að gera það gott á RÚV sem útvarpskona en hún starfar einnig sem verkefnastjóri RÚV núll. Snærós var um tíma blaðakona á Fréttablaðinu og þótti mjög öflug. Eiginmaður Snærósar er Freyr Rögnvaldsson, blaðamaður á Stundinni. Faðir Snærósar er Sindri Freysson, rithöfundur og fyrrverandi blaðamaður, svo fjölmiðlablód er þykkt í æðum Snærósar. Sindri var um tíma kærasti söngkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur – en hún hefur aldrei verið blaðakona.

Þorgrímur Þráinsson vill byggja bílskúr

Rithöfundurinn með stál-lærin Þorgrímur Þráinsson hefur sótt um leyfi til að byggja 32,6 fermetra bílskúr við húsið sitt við Tunguveg, þar sem hann býr í fallettri tveggja hæða íbúð ásamt eiginkonu sinni Ragnhildi Eiríksdóttur. Þorgrímur, sem stendur nú í ströngu með íslenska landsliðinu sem liðsstjóri, fékk erindið ekki samþykkt þrátt fyrir að hafa skilað inn fjölmörgum gögnum. Málinu var vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.



Penna-party?

LOKI



Stillanlegt rúm, Ambassador*

Verð frá:

591.900.-

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is



Nordic Seamless*

Verð frá:

392.700.-

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
- Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
- Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími,
- ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



Continental*

Verð frá:

467.300.-

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.